Verkalýðsblaðið

7.- 8. tölublað 10. árgangur 10. ágúst 1981 Verð kr 4.oo

Leiðari:

Kvennaframboð er réttmætt

Akureyrskar konur hafa tekið upp að nýju þráð sérstakra kvennaframboða frá því á fyrstu áratugum aldarinnar. Kommúnistar telja vart að framboð skuli almennt vera kynbundin. Hins vegar geta sérstakar aðstæður réttlætt alls konar forskot kvenna í jafnréttisbaráttunni. Þátttaka kvenna í stjórnun bæjar- og sveitarfélaga er í engu samræmi við stöðu kvennahreyfingarinnar. Sérframboð geta bætt úr því, ef kosningastefnan er framsækin til viðbótar, í meginatriðum. Kommúnistasamtökin hljóta því að styðja kvennaframboð 1982 á Akureyri og víðar, þá og þegar stefna þeirra og sætaskipan er orðin ljós, ef samtökunum lýst á hvort tveggja. Þau gera um leið kröfu til að taka þátt í umræðum um framboð í Reykjavík ef fram fara.

Róttækt kosningabandalag?

Sósíalisminn leysir ekki ranglátt auðskipulag af hólmi á Íslandi í almennum þingkosningum. En þær eru samt mikilvægar í stéttabaráttunni nú er tími til að verkalýðssinnar og fólk, sem skilgreinir sig til vinstri við meginstofn Alþýðubandalagsins, reyni hvort það geti myndað tímabundið kosningabandalag með framsækna stefnuskrá. Kommúnistasamtökin eru til í að hefja umræðu um efnið, án skuldbindinga, og þau skora á félagshyggjufólk að skella sér í slaginn.

Gögnin á borðið

Kommúnistasamtökin og forverar þeirra hafa verið andvíg þeirri stóriðjustefnu sem ráðamenn halda á lofti. Einokunarauðvald, bæði erlent og innlent, sækist eingöngu eftir hámarksgróða og vinnur saman þvert á landamæri ef því er að skipta. Gróðasóknin má kosta mengun, margra ára tap á orkusölu, byggðaröskun og grafa undan efnalegu sjálfstæði ef gróðaöflunum sýnist svo. Og meðan einokunarherrarnir haldast í hendur með þeirri hægri, seilast þeir hver í annars vasa með þeirri vinstri. Þannig er Alusuisse nú uppvíst orðið að svindli og samningsbrotum, þótt deila megi um upphæðir. Ríkisstjórnin hefur unnið jákvætt starf að þessu máli, en getur aðeins vænst stuðnings og tryggilegs sigurs ef hún opinberar öll gögn í málinu. Sá, sem mestan heiður á skilið fyrir að vekja athygli á brotalömum í rekstri Alusuisse á Íslandi, er Elías Davíðsson, kerfisfræðingur. Hann hvetur til þjóðnýtingar álversins, sem skrefs til að treysta sjálfræði þjóðarinnar gagnvart erlendri auðdrottnun.

Verkalýðsblaðið hallast að skoðunum Elíasar.

24.07. -agé

Vítahringur stríðshættunnar

Lykilorðin í herstöðvabaráttunni hér á Íslandi eru þessi: "Stóraukin umsvif NATO - árásarsegullinn Ísland". Hér í Verkalýðsblaðinu, í Dagblaðinu, Dagfara (málgagni SHA) og Morgunblaðinu hafa kommúnistar í Kommúnistasamtökunum reynt að gagnrýna þessi lykilorð - ekki vegna þess að þeir eru þeim ósammála, heldur vegna þess að þau hlífa hinu risaveldinu og rugla fólk í ríminu. Þessu er nær aldrei mætt með rökstuddum svörum. Þjóðviljinn lokar blaðinu fyrir undirrituðum og víða heyrir maður dylgjur í stað raka - frasa á borð við : "Nú eru maóistarnir orðnir NATO-sinnar". Hvers vegna er svona umræðuleið valin?

að mótmæla og spyrja um leið: Hvað með R.víkur- og Sauðárkróksflugvelli?

Hraðsoðnar rökleysur

Auðvitað er vígbúnaðarkapphlaupið eins og snælda sem vindur upp á sig. SS-2o kjarnaflaugar Sovétmanna eru andsvar við A, AWACS-vélar NATO andsvar við B o.s.frv. o.s.frv. Yfirmaður liðsins í Keflavík var ekki í vandræðum á Varðbergsfundi með að útskýra að endurnýjun orrustuvéla á Íslandi, nýrri Orionvélar, hæg uppbygging SOSUS-hlustunarkerfisins og staðsetning nýrra eftirlits- og stjórnstöðvavéla (AWACS) stafaði af auknum umsvifum Sovétmanna við landið. Auðvitað er útilokað að hrekja þá skýringu, studda tölum. Og hafa ekki herstöðvaandstæðingar brennt sig á því að réttlæta einhver skákbrögð Sovétríkjanna með því að þar væri um "eðlileg viðbrögð" við auknum umsvifum NATO að ræða?. Margoft.

framhald á síðu 2

Stóraukin umsvif NATO

NATO hafði lengi mikið forskot á Varsjárbandalagið (VB). Enginn trystir sér lengur til að sanna að svo sé enn og víst er að vígbúnaður VB eykst hraðar en vígbúnaður NATO. Eins er allt of lítið gert af því að skoða hvað af vígbúnaði tekur breytingum, hvar hann er staðsettur og hvað rekur risaveldin áfram. Hitt er svo rétt að NATO (sérstaklega Bandaríkin) hafa nú tekið betur til hendi en áður. T.d. er svonefnd COB-áætlun NATO undirbúin í Noregi, að því er virðist án vitundar norska stórþingsins. Áætlunin felst í því að útbúa vesturevrópska flugvelli (73) til þess að taka við bandarískum sprengjuvélum, þar af lo í Noregi. Þessu ber

Varsjárbandalagið æfir í Póllandi í mars sl. Er rétt að segja sem minnst um þessar vélar og yfirmenn þeirra? Hverjir eiga að afvopnast fyrst? Hvað á kjarnorkuvopnalausa svæðið í Evrópu að ná langt í vestur og austur? Gæti það sem myndin sýnir gerst hér? Eigum við nokkuð að móta stefnu í því sambandi? Segðu nei og reyndu svo að fá einhvern til að styðja kröfu um úrsögn úr NATO.

6 síðna lesbók 3-8

Greiðsla áskriftar 1980–1981 2

Mikilvægur fundur 8

Varnarmál í brennidepli 2

Sannkallað „agúrkublað“

Lesendur kannast e.t.v. við orðið "agúrkutíð" í máli blaðamanna. Með því er átt við að sá tími sé í hönd genginn þegar lítið er um fréttir, fólk er áhugalítið um dægurþrasið, en þeim mun áhugameira um léttmeti, afslöppun, ferðalög o.þ.h. "Agúrkutíðin" er að sjálfsögðu á sumrin og þá láta meira að segja merkilegar fréttir bíða eftir sér. Við hér á Verkalýðsblaðinu förum ekki varhluta af "agúrkutíðinni", jafnvel þótt við séum efnishyggjumenn og þrjósk með afbrigðum. Þetta tölublað er númerað 7.-8. og eru 6 síður þess LESBÓK nr.3 Efnið er ekki léttmelt, enda langar okkur til að prófa hvort smáskammtur af áhugaverðu (en alvarlegu) efni gangi ekki sem sumarleyfislesefni, þrátt fyrir grósku í öllum agúrkureitum íslenskra fjölmiðla. Málefnalega umræðu og stefnumótun skortir mjög meðal íslenskra sósíalista og kommúnista og stendur það hreyfingunni mjög fyrir þrifum. Þess vegna 6 síðna LESBÓK. Okkur finnst lífsnauðsynlegt að stækka og efla Verkalýðsblaðið. Nokkur gagnrýni hefur komið fram um að það sé of þungt, ekki nógu vandað, yfirborðslegt o.fl. Við erum sammála flestu af gagnrýninni og leitum leiða til úrbóta. Án aðstoðar velunnara og sem flestra lesenda finnum við hvorki leiðirnar né komumst áleiðis. Hvernig væri að pára á blað hugmyndir, loforð um e.k. aðstoð eða gagnrýni og senda blaðinu? 9. tbl. Verkalýðsblaðsins kemur út seinni hluta septembermánaðar.

-ritn.

Þokkaleg ráðstefna kommúnista

—f Kommúnistaflokkur Þarfur
— Stefnumótun og Marxískt nám brýnustu verkefnin til að drífa upp kommúnísk samtök....
— Meiri þátttöku í baráttu, sem fram fer og meiri rannsóknir á þjóðfélaginu, en minni bókalestur og smáhópastarf...
— Kommúnistar verða að halda áfram starfi, þora að þróa samtakastarf í ljósi fyrri reynslu...

Þetta eru sýnishorn af nokkrum skoðunum, sem fram komu á ráðstefnu, sem 14 kommúnistar boðuðu til í lok júní. Um 20 manns sóttu fundinn. Nokkrar framsögur voru fluttar í upphafi og er úrdráttur úr þeim birtur í lesbókinni - þannig að greinar merktar SJÓ, GS, ÞÓA og AS mynda umræðukjarna. Umræðuhópar ræddu fortíð hinnar marx-leninísku hreyfingar, stöðu hennar nú og framtíðarhorfur. Gott væri ef sú umræða gæti skotið rótum á síðum VBL næstu mánuði - mætti menn þá byrja á því að svara einhverjum (eða öllum) hinna fjögurra greina, sem áður voru nefndar.
Á fundinum kom fram að 5 uppástungur væru helstar um skipulag kommúnískrar hreyfingar.

1. Að leggja KS niður.
2. Að stofna ný og "breið" samtök yfirlýstra vinstri manna.
3. Að ganga í Alþýðubandalagið eða einhvern annan flokk.
4. Að vinna að því að efla KS og endurbæta starfshætti og stefnu.
5. Að taka upp sömu stefnu og marx-leninísku hreyfingin hafði fyrir fáeinum árum.

Þátttakendur voru yfirleitt sammála um að reyna að halda aðra ráðstefnu í haust. Skyldi hún fjalla um möguleika á kosningabandalagi sósíalista í n.k. alþingiskosningum og annarri samvinnu og um nokkur grundvallaratriði stefnuskrár slíks bandalags - m.a. um sósíalisma á Íslandi.

-agé

Varnarmál í brennidepli

Nokkur fjörkippur er kominn í umræðu um öryggis- og varnarmál Íslendinga. Kommúnistasamtökin þurfa að vera þar þátttakendur og leggja umræðunum skerf með rökfastri stefnu og góðum tillögum. Að auki má benda á að 2-3 félagar í KS hafa skrifað töluvert umdeildar greinar í blöð um þessi mál og eins átt starfandi félaga í Samtökum herstöðvarandstæðinga. Í ráði er að halda þriggja kvölda námsskeið um miðbik septembermánaðar. Stjórnandi verður Ari T. Guðmundsson og meðal efna eru: Stríðshættan, vígbúnaður stórveldanna, almannavarnir, friðarhreyfingin og staða Íslands.
Áhugafólk hafi samband við Ara (35904), Sofffu (39517) eða Kristinn (71438) fyrir 10. september.

-t

framhald af forsíðu

Vítahringur stríðshættunnar

Fólk er margt orðið leitt á slagsíðunni og rökleysunum. Það sér að styrjaldarhættan liggur í framferði og innviðum beggja risaveldanna og vill raunhæfa stefnu gegn þeim báðum, án þess þó að setja algert jafnaðarmerki milli þeirra.
Aukin umsvif NATO segja bara hálfa söguna.

Skotmark eða ekki?

Er Ísland frekar skotmark nú en fyrir 10 árum? Endurnýjun eða fjölgun tækja segir fátt um það vegna þess að mótherjinn hefur líka yfir fullkomnari og fleiri tólum að ráða. Frumstæð hlustunartæki eru e.t.v svipuð ögn hægfara kafbátum eins og SOSUS-tæki eru djúpkafbátum Sovétmanna. Auðvelt er að týnast í orðaleikjum. Ég tel mikilvægara að staðsetning landsins, hvort sem hér er erlendur her eða ekki, ræður mestu um það hvernig Ísland kann að dragast inn í styrjöld milli risaveldanna. Vítahringur vígbúnaðar ræðst ekki hvað síst af staðsetningu landa og alveg ljóst í því sambandi að Ísland er á miklu átakasvæði. Þess vegna verðum við að búast við að Ísland sé skotmark hvað sem á dynur og móta stefnu skv. því. Og þá er að reyna að búa sig undir alla möguleika - allt frá vægum átökum yfir og í kringum landið upp í stórátök, jafnvel með kjarnavopnum og hernámstilraunir.
Ekkert minna kemur til mála og úrsögn úr NATO er ekki nóg.

Traust meirihlutans

Til þess að gera sem flestum kleift að lifa af styrjöld og hreinsa landið af erlendum her, þarf að móta varnar- og baráttustefnu gegn herstöðvunum sem vekur traust 70.000 en ekki 30.000 manna. Það má halda miklu af gamalli stefnu (t.d. úrsögn úr NATO ofl.) en bæta mun meiru við. Samtök herstöðvaandstæðinga og róttæku samtökin, auk fjölmargra úr öðrum flokkum, verða að standa fyrir því. Við eigum að eyða miklu púðri á aukin umsvif VB og Sovétríkjanna, við eigum að afhjúpa stríðsundirbúning þeirra og NATO, við eigum að segja: "Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd", og síðast en ekki síst verðum við að svara því hvernig Íslendingar skuli bregðast við sjálfir átökum í og við landið í stað þess að spá heimsendi og sníkja svefnlyf hjá Sameinuðu þjóðunum. Fyrsta skrefið er að hlusta á gagnrýni fólks á starf herstöðvaandstæðinga og leyfa sér að halda að maður geti kannski verið á eftir tímanum eða skjátlast dálítið, en það er nokkuð sem rök-



Erum við örugg ef þessi fer alfarin?

tæklingar þora sjaldnast.

Herstöðvaandstæðingar, þar með ég, verða að íhuga hvers vegna fylgið eykst ekki meir en raun ber vitni. Hvað annað en of lítil áhersla á VB/Sovétríkin og sífbyljan um að skárst sé að hafa alls engan viðbúnað gegn stríði (ekki einu sinni almannavarnir) kemur í veg fyrir traust almennings á baráttunni?

Ari T. Guðmundsson.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ari Trausti Guðmundsson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl.15-17 á þriðjud. og 16-18 á fimmtud.
Sími: 29212
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Gírónr.: 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

Athyglisverð plata:

Í bróðerni

tónlist

Nýlega kom á markaðinn hljómplatan "Í Bróðerni". Á henni eru 12 lög eftir Arnþór og Gísla Helgasyni. Flest lögin eru borin uppi af innilegum og blæríkum blokkflautuleik Gísla. Aðrir hljóðfæraleikarar á plötunni eru hálf "session-legir", eða hlutlausir. Sigurður R. Jónsson er þó undanskilinn. Frábær fiðluleikur hans á stóran þátt í því að "Fréttaauki" Arnþórs og Ása í Bæ er eitt besta verk plötunnar.
Í "Fréttaauka" segir frá morðum kanans í Dong-sing-do í Vietnam. Í sjálfu sér er textinn afar meinlaus. Samt hafa ýmsir músíkantar hætt - á síðustu stundu - við að syngja hann inn á plötu vegna hræðslu við kanadindla!!!
Hins vegar hefur "Fréttaauki" verið vinsælt danslag á sveitaböllum sunnanlands um 14 ára skeið.
Af öðrum góðum lögum á "Í Bróðerni" má benda á "Ástarjátningu" og "Í Minningu Látins Leiðtoga" (Mao Zedongs).
Í lokin er vert að geta umslagsins. Það er smekklegt og sérlega vandað í alla staði. Umgerðin er því í fullu samræmi við innihaldið.

-jGuð



Greiðsla áskriftar 1980—1981

Áskrifendur erlendis

Frestur til greiðslu áskriftargjalda (a.m.k. hluta þeirra) er til 30. september. Falla þá árgjöld 1980 og 1981 bæði í eindaga. Hafi ekkert heyrst frá áskrifendum frá áskrifendum fyrir þann tíma verður hætt að senda þeim blaðið.

Áskrifendur úti á landi

Frestur til að greiða áskriftargjöld átti raunar að renna út í júlímánuði. En vegna sumarfrís þess, sem stjórnar innheimtunni fá áskrifendur úti á landi frest til 20. ágúst til að greiða árgjald 1980. Nokkrir hafa þegar greitt árgjald fyrir 1981 og við biðjum ykkur hin að borga það sem fyrst. Það sparar okkur fé og fyrirhöfn.

Áskrifendur í Stór-Reykjavík

Rukkarar hafa nú heimsótt flesta áskrifendur í Reykjavík og nágrannabæjunum. Margir brugðust vel við og borguðu árgjald 1981 um leið. Þið, sem ekki voruð heima, hafið fengið sent bréf þar sem þið eruð áminnt um að borga. Hlýðið kallinu nú þegar og hættið að skulda, það er ljótt! Ykkur ætti að duga sami frestur og "sveita vargnum" fyrir árgjald 1980, þ.e. til 20. ágúst.

Innheimta árgjalda 1981

Stefnt er að því að ljúka henni fyrir 1. desember nk. Sjálfboðaliðar geta fengið að hjálpa til. Leggið nafn og símanúmer í Box 5186, 125 Reykjavík og haft verður samband við ykkur í september.

Yfirrukkari.

LESBÓK 3



Aðförin að samtökum kommúnista

"Fyrst gerist sagan í alvöru og síðan endurtekur hún sig upp á grín", er haft eftir Karli Marx. Vart mun fjarri sanni, að sá gamli, góði Marx hafi hitt naglann á höfuðið- a.m.k. ef maður freistast til að bera saman upplausnarástand og fræðilega ringulreið vinstri-hreyfingarinnar í dag og samkynja fyrirbæri í upphafi aldarinnar og reyndar öðru hvoru þar á milli. Ein af afturgöngum sögunnar er deilan um þörf vísvitaðrar baráttu fyrir sósíalisma, nauðsyn skipulagðra samtaka byltingarmanna til að hafa forgöngu í þeirri baráttu og loks gildi sósíalískrar fræðikenningar.

Glíman við fagfélagshyggjudrauginn

Í riti sínu "Hvað ber að gera", sem komið hefur út á íslensku, gerir Lenin eftirminnilega tilraun til að kveða niður draug fagfélagshyggjunnar eða ökónómismans (hvorugt orðanna er þó heppilegt til að lýsa þeirri stefnu, sem um ræðir). Varð hljóðara um draugsa á eftir, þó ljóst sé af nýlegri ásókn hans í hreyfingu íslenskara kommúnista, að eigi hefur tekist að magna svo sterkan galdur gegn draug þessum, að hann lognaðist út af endanlega.

Ökónómisminn í nýjum búningi

Þó fagfélagshyggjan á ofanverðri 20. öld sé að formi ekki beinlínis eftirlíking þeirrar, sem Lenín kvað í kútinn í upphafi aldarinnar, leynir skyldleikinn sér ekki. Megineinkennin eru þau sömu.: Í stað alhliða afhjúpunar auðvaldsskipulagsins með tilstyrk fræðikenningar, er miðar að því að leiða vinnandi stéttir fram til vísvitaðrar baráttu fyrir þjóðfélagsbyltingu, er starað í hrifningu á hverja þá minnstu sjálfsprottnu hreyfingu, sem að höndum ber. Í stað þess að leggja allt kapp á að vopna verkalýðshreyfinguna byltingarsinnaðri fræðikenningu, þ.e. þekkingu og skliningi á eigin þjóðfélagsstöðu, er henni haldið í fjarlægð, af ótta við að hún kynni að skaða einhverja lítilfjörlega baráttu. Jafnvel er nauðsyn skipulegra samtaka kommúnista dregin í efa.
"Okkur ber að starfa meðal fjöldans, en ekki loka okkur inni í okkar þröngu samtökum" er algengt viðkvæði hjá hinum nýju áhangendum fagfélagshyggjunnar. Gott og blessað er það. En hvert á inntak þess starfs að vera? Mun það sjálfkrafa skila okkur vitund nær sósíalisma? Munum við sem kommúnistar verða hóti nær því markmiði að brjóta niður múrinn milli sósíalismans og verkalýðshreyfingarinnar? Þó eru þeir, sem ekki kunna aðra skýringu á einangrun Kommúnistasamtakanna en hið háa hlutfall menntamanna í þeim. Lausnin er skv. því fólgin í því að gera menntamenn að verkamönnum. Þannig skal einangrunin frá verkalýðshreyfingunni rofin.

En þessi leið til að sigrast á einangruninni er jafn grunnfærin og hún virðist einföld. Í fyrsta lagi má benda á, að í þeim mæli, sem um starf meðal verkafólks hefur verið að ræða, hefur það ekki skilað hótinu meiri árangri en starf á öðrum sviðum. Þ.e.a.s. ekki hefur tekist að rótfesta kommúnískar hugmyndir með umtalsverðum fjölda verkafólks.
Hvers vegna ekki: Á því geta ekki verið nema tvær meginskýringar. Önnur gæti verið fólgin í óhagstæðum ytri skilyrðum. Hvað þau varðar er ekki við oss að sakast. Hin varðar þær pólitísku lausnir, sem við höfum fram að færa, heimsmynd okkar og þá fræðikenningu, eða öllu heldur þá fræðilegu fátækt, sem við höfum opinberað. Ef hin seinni er rétt, skiptir vissulega næsta litlu hvort þeir eru 5 eða 50 erindrekar kommúnismans meðal verkamanna. Svo munu þeir uppskera, sem til er sáð.
Þeir, sem álíta að leiðin út úr ógöngunum sé sú ein, að menntamenn fleygi bókum sínum og stílvopnum, en taki til við sögina og hamarinn, hefur tekist að snúa hlutunum svo gersamlega á haus að furðu sætir. Aðalatriðið er ekki að gera menntamennina að verkamönnum, heldur þveröfugt! Við þurfum að skapa menntaða verkamenn! (þ.e. pólitískt menntaða). Og vel að merkja, ekki veitir af að menntamennirnir, sem fyrir eru, menntist á pólitíska vísu.
Ég sagði áðan að leiðin til sósíalismans yrði ekki farin nema fyrir tilstilli vísvitaðrar baráttu. Undirstaða allrar vísvitundar er skilningur - skilningur manns á því samfélagi, sem hann býr við, og sá skilningur fæst aðeins fyrir þekkingu. Öflun og miðlun þekkingar verður að vera lykilhlekkurinn í starfi kommúnískra samtaka eigi þeim að farnast vel.

Engin vísvituð barátta án skipulagningar

Nú erum við kannske komin að kjarna málsins. Til þess að miðla þekkingu og skilningi; til þess að hefja verkalýðshreyfinguna á stig vísvitaðrar sósíalískrar baráttu, jafnvel þó aðeins sé í litlum mæli, þarf skipulag. Jafnvel einfaldur hlutur svo sem útgáfa og útbreiðsla blaðs gengur ekki án slíks skipulags, og þeim sem fara til fanga í villugjörnum frumskógi staðreyndanna, er hollara að vera í öruggu kallfæri og hafa með sér gott samstarf, að hætti villidýranna. Síðast en ekki síst, krefst öll meiri háttar þjóðfélagsbaráttu samræmds skipulags, og á úrslitastundum stéttabaráttunnar, járnskipulags.
Þeir, sem vilja takmarka starfsemi kommúnista við þrönga efnishyggju eingöngu, hafa vissulega takmarkaða þörf fyrir félagsskap skoðanabræðra/systra sinna. Hlutverk kommúnískra samtaka er m.a. (og e.t.v. fyrst og fremst) að leysa vandamál skipulagningarinnar. En verkaskipting þröngrar félagsstarfsemi er lítil, sé hún álitin nóg í sjálfri sér.
Gott og vel. Þeir, sem sætta sig við svo snautlegt markmið, sem kjarabaráttan er í sjálfu sér geta óhikað sleppt hendi okkar hinna. Það handtak mun þeim lítils virði.
En krefjist þess ekki, að við hin sem kjósum að stefna hærra, geri slíkt hið sama.
Við erum vonandi staðráðin í að útrýma hinni fræðilegu fátækt úr samtökum okkar, og vopna þau þeirri þekkingu og þeim skilningi, sem mun vísa okkur veginn eitthvað í átt til sósíalismans.

Arnór.

Úr framsögu af ráðstefnu:

„Förum að taka þátt í pólitík“

Dauðastimpill á KS

Það er oft spurt um þessar mundir: Hvað ber að gera núna? Þetta er auðvitað aðalmálið. Ég get svarað í stuttu máli: Gera næstum allt annað en það, sem við höfum gert hingað til. Og svo má bæta við: Taka þátt í pólitík.
Þetta hafa margir skýringa.
Leiðréttingaherferðin í Einingasamtökunum (EIK) á sínum tíma stendur mér í dag þannig fyrir hugskotssjónum: Fyrst uppgötvuðum við að starfsaðferðir okkar hlytu að vera gallaðar og ekki í samræmi við markmiðin, sem við settum okkur. Lengi vel stóð við það. Jafnvel eftir að vísir félagar höfðu gefið vitleysunni tignarlegt nafn -einangrunarstefna- héldum við áfram að einblína á aðferðir og taktik. En svo gerðist öllu alvarlegri hlutur. Menn fóru að benda á að kannske væri eitthvað bogið við heila grundvöllinn fyrir pólitík okkar. Menn byrjuðu þá að pota í einstök stefnuatriði eins og utanríkismál, afstöðuna til Kína, stéttgreiningu o.fl. Þannig stóðu mál þegar sameining EIK og Kommúnistaflokksins varð og Kommúnistasamtökin (KS) fæddust. Síðan hef ég ekkert séð gerast. Það kom í ljós að KFíararnir áttu við margar sömu meinlokur að stríða og voru jafn ófærir um að lækna meinið. Þegar KS voru stofnuð lá ekkert fyrir nema dauði beggja samtakanna. Sameiningin átti að bjarga því. En hvað gerðist? Það væri rangt að segja ekkert. Félagarnir flykktust út, hættu störfum, gáfust upp, sneru sér að öðru. Meinlegast fannst mér að þetta voru í mjög mörgum tilvikum bestu og efnilegustu félagarnir, þeir líflegustu, virkustu og heilustu. KS voru því fædd með dauðastimpilinn á sér, m.a.s. tvöfaldan dauðastimpil.

Skýringar á ástandinu

Skýringanna á því hvers vegna ekki hefur tekist að sigrast á þessum efiðleikum og gera dæmið upp, vil ég helst leita í stéttarlegri samsetningu þessara samtaka. Háskólanemar, kennarar, fræðingar og annað menntafólk eiga þessi samtök og þau eru í rauninni ekki fyrir aðra. Verkafólki hentar ekki að starfa í þeim. Ég vil ekki draga úr mikilvægi menntunar, né stimpla þá vonda, sem eru menntaðir eða vinna menntastörf. En það er bara svo, að þeir sem ætla að leiða verkalýðsstéttina eða hluta hennar verða að skilja hana, tala sama mál og hún, vera hluti hennar. Menntamamaður í menntastarfi getur tæplega orðið foringi stéttar, sem hann tilheyrir ekki. Og það er jú einmitt krafa, sem gerð er til allra komma, að þeir séu foringjar, hver á sínum stað í baráttu stéttar-

framhald á síðu 7

Um námsstarf kommúnista

byggt á framsögu á ráðstefnu

Námsstarf í fræðikenningu marxismans var sett á oddinn við undirbúning stofnunar EIK(ml) og KSML og hélst þannig fyrstu 2-3 starfsárin. Síðan var það að mestu lagt til hliðar vegna anna við önnur verkefni.
Á þessum árum voru samtökin skipuð kornungu fólki, sem kunni lítt til verka. Árangurinn varð sundurlaus utanbókarlærdómur í stað skilnings á grundvallaraðferð marxismans til að skoða og skilja veruleikann og breyta honum. Undanfarin 2-3 ár hefur markviss marx-leninisku hreyfingarinnar hér á landi þorrið mjög mikið og margir félagar dregið sig í hlé. Ég er kominn á þá skoðun að meginorsök þessarar hnignunar sé lítið vald flestra félaga á fræðikenningu marxismans.
Hér mun ég leitast við að færa rök fyrir því áliti, að kommúnistasamtökin og marxistar utan þeirra verði að setja nám í grundvallarkenningum marxismans númer eitt í áhersluröð næstu misseri. Það sé raunhæfasta leiðin til að verða hefðbundnum meðal fjöldans.

Krafan um hugmyndafræði

Þróun framleiðsluháttа a sósíalsskipulagsins gerir störf verkafólks stöðugt einhæfari og möguleikar þess til að þekkja allt framleiðsluferlið minnka við það. Raunveruleg stjórnun færist í vaxandi mæli í hendur sérfræðinga á ýmsum sviðum. Heildarsýn þessara menntuðu kapítalista er einnig mjög takmörkuð, enda er hlutverk allflestra þeirra ekki að vinna fyrir og stjórna heildinni, heldur sínu fyrirtæki, sinni stofnun, sínu ríki eða sínum auðhring.
Þess er varla að vænta, að þjóðfélagið verði mikið einfaldara eftir félagshyggjubyltingu (sósíalíska byltingu). Væntanlega mun þó sérhæfing minnka nokkuð og fjölbreytni vinnunnar aukast, einkum hvað varðar samþættingu huglægrar og líkamlegrar vinnu.
Krafan um að framleiðslan taki mið af þörfum fólks í stað gróða hvers framleiðanda og krafan um stóraukið lýðræði á öllum sviðum mun kalla á mun víðari heildarsýn og fullkomnari skipulagningu, en borgaralegir stjórnendur og fræðingar almennt ráða yfir. Þeir leiðast út í að hugsa innan ramma auðhyggjunnar (sérhyggjunnar), sem er að mínu mati mjög þröngur.
Foringjar félagshyggjubyltingar verða að tileinka sér ðurnefnda víðsýni og skipulagsgáfu. Þeir verða að skilja lögmál núverandi kerfis, sjá auma bletti þess og geta bent fólki á í hvaða atriðum hið nýja kerfi þarf að vera frábrugðið. Þar duga engin lodin svör, engin innantóm slagorð.
Ég veit um engan vinnustað og engan skóla eða háskóladeild, þar sem hægt er að afla sér slíkrar þekkingar. Hins vegar hjálpar skólanám og góð tök á einhverri vísindagrein fólki áleiðis. Þeir, sem mest hafa mótað kommúniska fræðikenningu, eru allir menntamenn á mælikvarða síns tíma (sumpart skólagengnir, sumpart sjálfmenntaðir).
Um reynslu eina sér þýðir ekki að tala, því hér er um nýsköpun að ræða, nýtt þjóðfélag. Öll reynsla Sovétríkjanna og Kína hjálpar okkur aðeins spölkorn áleiðis, reynsla íslenskrar alþýðu sömuleiðis. Kenningar Marx og helstu eftirmanna hans skila okkur líklega öllu lengra áleiðis, ef þær eru ekki notaðar sem kökuuppskrift, heldur sem leiðbeining um nám og starf.

Úr öllum þessum þáttum og fleiri til ætla ég að spinna megi rauðan þráð hugmyndafræði félagshyggjubyltingar á Íslandi.
Það liggur í augum uppi, að þetta getur aldrei orðið eins manns verk né heldur fárra, þó svo að komi líklega í hlut fárra að hefja starfið af krafti. Það stoðar lítt að bíða þess að nýr Marx spretti hér upp á meðal vor.
Að mínum dómi þarf hér hóp ólíks fólks með ólíka reynslu og þekkingu, er getur unnið saman og skiptst á skoðunum. Þetta fólk yrði stöðugt að sækja sér efnivið í þjóðfélagslegan raunveruleika og í hugmyndasmiðju annara. Mikið gagn má hafa af ýmsum fræðigreinum, sem kenndar eru og af ýmsum upplýsingum úr skýrslum vísindamanna og úr fjölmiðlum, ef það efni er numið á gagnrýninn hátt og sett í viðtækt samhengi. Hugmyndir eru verk okkar mannanna, afurð efnisins, en hafa jafnframt áhrif á efnið við athafnir manna, sem allar stjórnast af hugmyndum (hugsun). Hugmyndir virðast lúta ákveðnum lögmálum, sumpart tengdum lögmálum efnisins. Margir marxistar virðast hafa ofmetið annað hvort áhrif efnisleges veruleika á hugmyndir (t.d. Stalín og ofuráhersla hans á þróun framleiðsluháttа) eða áhrif hugmynda á efnislegan veruleika (t.d. Mao á sínum efri árum, sbr. menningarbyltinguna). Í íslenskum stjórnmálum virðist þetta vandamál vera lítt til umræðu.

Það skiptir varla meginmáli hvar við berum fyrst niður í þekkingarleitinni. Félagshyggjubylting krefst þekkingar bæði á lögmálum efnis og huga. Það hlýtur því að teljast heppilegt fyrir félagshyggjumenn (sósíalista) að sækja bæði á mið náttúruvísinda (eðlis-, efna,- og líffræði) og hugvísinda (heimspeki, hagfræði félagsfræði, saga).
Hvert um sig verðum við stöðugt að víkka sjóndeildarhring okkar með því að fella alla þá reynslu og þekkingu, sem við smám saman öðlumst í eina samfellda mynd, sem mætti kalla heimsmynd. Jafnframt þurfum við að samræma heimsmyndir okkar, öðlast sameiginlega hugmyndafræði. Þar kemur vel kasta skipulegs náms og umræðu.

Bitur reynsla – og dýrmæt

Að mínum dómi vantar nú mest af öllu hæfilega samstilltan kjarna til að hafa frumkvæði að undirbúningi umbyltingar núverandi þjóðfélagskerfis. Það er tæplega hægt að segja að það starf sé í gangi nú.
Marx-leninísk hreyfingin á Íslandi ætlaði að stytta sér leið og hoppa að miklu leyti yfir það, sem Lenin kallar skeið náms og áróðurs (höfuðáhersla á hugmyndafræði) beint yfir á skeið skipulagningar fjöldabaráttu og byltingar (höfuðáhersla á skipulagningu og framkvæmd). Hreyfingin keyrði allt fast í heldur árangurslítið og fálmkennt púl og einstefnuútkeyrslu hrárra hugmynda. Talsvert ofurróttæk línа var flutt inn í landið, misskilin að hluta og ofin í fljótheitum sanan við yfirborðskennda og einfaldaða þekkingu á íslenskum þjóðfélagsveruleika. Margir félagar lærðu lítið og urðu aldrei nema vinnuýrr og sumir varla einu sinni það. Þegar þráðurinn að ofan (utan) slitnaði (uppgjöriö mikla í Kína o.fl.), þá hrundi vefurinn saman og hefur verið að því alveg fram undir þetta.
Eins og getið var í upphafi greinarinnar settu bæði EIK(ml) og KSML fræðilegt námsstarf á oddinn í byrjun. Allir félagar voru þá ungir og óreyndir á öllum sviðum stéttabaráttunnar: stjórnmálabaráttu, kjarabaráttu, og síðast en ekki síst fræðilegri skólun og baráttu. Námsstarf var talsvert að magni, en gæðin, held ég, að hafi verið fyrir neðan allar hellur.
Allir félagar gengu í gegn um grundvallarlesþring (5-10 kvöld). Eftir það nám átti að halda áfram í sellum, en þar held ég að hafi verið heldur lítið um frjóa umræðu um grundvallaratriði og lítill tími til lestrar og sjálfsnáms, einkum þegar á leið. Hins vegar var mikið fjallað um ýmis framkvæmdaratriði. Hreyfingin hefur nú tekið út æði þunga refsingu fyrir víxlspor sín. Flest fyrirtækin hafa verið lögð niður (Október-forlagið, Rauða stjarnan, fræðilegu tímaritin Rauði fáninn og Rauðsól búnir að gefast upp á gamla, barnalega og kreddubundnа "marxismanum" sínum, en hafi til allrar óhamingju tekið að nýju trú á ríkjandi hugmyndafræði hins rotnandi auðvaldsskipulags og berist nú með straumnum.
Mér finnst ofurskiljanlegt að þeir, sem ekki botna neitt í marxískri fræðikenningu, sjái litla þörf á mótun félagshyggjustefnu og helgi sig heldur hinu nálæga og auðskilda. Ég sé ekkert maðal gegn þess háttar þróun annað en að hefja nám af krafti í fræðikenningunni, í þeirri von að nú takist að sneiða hjá verstu kreddu-pyttunum.
Áherslan í starfi Kommúnistasamtakanna hefur verið að þokast í þessa átt undanfarið. Umfjöllun Verkalýðsblaðsins hefur orðið heldur fræðilegri, einkum með tilkomu lesbókarinnar, sem lofar góðu. Skipulag samtakanna er einfalt og tekur mið af aðstæðum, og þarf tiltölulega lítinn starfskraft til að halda því gangandi (minna skrifræði). Leshringur fyrir félaga í fræðikenningu marxismans er farinn af stað og hefur umræðan þar verið ólíkt skynsamlegri en almennt gerðist fyrir nokkrum árum.
Enginn skyldi þó ætla að nám innan samtakanna nægi eitt sér. Þekking og reynsla sótt í aðra skóla, atvinnulíf og félagslíf þarf að fléttast inn í það. Einnig ættu samtökin að fá ýmsa sérfróða menn (og konur) á ýmsum sviðum til að koma inn í námsstarfið með fyrirlestra og þátttöku í umræðum.

Nýtt höfuðverkefni

Ég tel mikið velta á því, að félagar og stuðningsmenn KS samþykki að nám og umræða með þunga áherslu á grundvallaratriði (heimspeki, hagfræði o.fl.) verði höfuðverkefnið nú um sinn og annað starf taki mið af því. Sjálfur er ég orðinn mjög sannfærður og veit um fleiri sama sinnis.

Nám og stefnumótun má ekki þýða það, að einangraður hópur lesi bækur og ræði saman.
Verkalýðsblaðið hefur mikilvægu hlutverki að gegna og ekki síst lesbók þess. Þar þarf að kynna fólki hugmyndirnar jafnóðum og þær mótast m.a. í formi umfjöllunar um dægurmál. Stefnan felst þá í því hvernig tekið er á málum og einnig hvaða mál við tökum fyrir. Hluti af umræðunni gæti farið fram á síðum þess. Einnig ætti að birta námsefni og námsleiðbeiningar eftir efnum og aðstæðum, ef takast mætti að víkka námsstarfið út fyrir okkar raðir. Með viðtölum við lesendur utan okkar hóps mætti reyna að fylgjast með hvort hugmyndir okkar ættu erindi við alþýðufólk (sem þær vitaskuld þyrftu að eiga).
Með áherslunni á Verkalýðsblaðið er ég ekki að draga kjark úr neinum að koma hugmyndum sínum á framfæri á öðrum vettvangi, síður en svo. Ég held hins vegar að hreyfingin verði að gefa út tímarit, er sýni okkur sjálfum og öðrum áhugasömum, meginstefnu okkar á hverjum tíma, þar sem hún er í megindráttum á einum stað.
Á Frakkastíg 14 þarf að starfrækja áfram félagsmiðstöð með funda- lestar- og vinnuaðstöðu. Með aukinni áherslu á námsstarf eykst þörfin fyrir ýmsar bækur og tímarit, sem torfengið er annars staðar, bæði til útláns og sölu.

Við og gagnrýnin þjóðfélagssýn

Ég nefndi áðan hæfilega samstilltan kjarna manna til að hafa frumkvæði að undirbúningi byltingar. Hann þyrfti að tileinka sér þjóðfélagssýn, sem er víðari og gagnrýnni en nú tíðkast í pólitískum flokkum og háskóladeildum. Hún þarf að vera hvort tveggja í senn, hafleyg og jarðbundin. Hún yrði væntanlega skilgetið afkvæmi marxismans, díalektísku efnishyggjunnar og léti sér ekki nægja að útskýra þjóðfélagið, heldur jafnframt breyta því.
Ef Kommúnistasamtökunum tekst að þjappa sér saman um nám og stefnumótun og forystu þeirra að ýta því starfi farsællega af stað, þá geta þau unnið að myndun kjarna af áðurnefndri gerð. Þau hafa þegar lítinn vísi að honum.
Þó menn séu nú ósammála um margt og stefna samtakanna næsta óljós, þá greini ég þar ýmislegt gott, sem ég held að sé næsta fáséð hjá öðrum stjórnmálasamtökum. Ég nefni stikkorð eins og sjálfsgagnrýni, andstöðu við bæði risaveldin, áherslu á strfðshættu og viðbúnað gegn hugsanlegu strfði o.fl.
Með mikilli áherslu á nám og skoðanaskipti okkar á milli fyrst um sinn tækju línur að skýrast. Vonandi tekst að þjappa nokkrum hópi saman um stefnuskrá, er nær til nokkurra meginatriða stefnu og starfs. Í gegnum Verkalýðsblaðið og önnur skrif félaga og persónuleg skoðanaskipti við fólk utan okkar hóps kæmi smám saman í ljós hverjir ættu samleið við áframhaldandi nám og stefnumörkun, sem líklega þyrfti að vera höfuðverkefni KS í þó nokkur ár, meðan samtökin safna hugmyndafræðilegum kröftum. Meðan samtökin sem slík legðu þyngsta áherslu á fræðilega baráttu yrðu félagar þeirra og stuðningsmenn að taka þátt í öðrum þáttum stéttabaráttunnar utan samtakanna án þess þó að afneita tengslum sínum við þau.

Hvað annað er hægt að gera?

Ég sé ekki aðra leið í átt að mannsæmandi þjóðfélagi. Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn eru flokkar ríkjandi kerfis. Þeir megna reyndar að lengja lífdaga þess nokkuð og milda það um hríð. Flokksfélagar, sem vilja uppskurð á kerfinu, eru kúgaður og sundraður minnihluti innan þessara flokka og námsstarf er þar hverfandi. Fylkingin meðtekur áfram gömlu, frasakenndu línuna frá 4. alþýðusambandi trotskíista og lagar hana að aðstæðum á misjafnlega kreddubundinn hátt, að því er mér hefur sýnst. Gagnrýni þeirra á Sovétríkin ristir grunnt og þeir virðast fagna útþenslu þeirra. Skoðanaskipti við þessa aðila hljóta engu að síður að vera mjög gagnleg, en ekki finnst mér beint fýsilegt að fara að starfa þar.
Því fer fjarri, að ég hafi bent hér á neina patentlausn. Frumskilyrðið er þó, að nú samkomulagi sem flestra um hvað beri að gera á næstunni. Mér þætti það mjög ánægjulegt ef þessi grein vekti einhver andsvör. Ég fagna bæði leiðréttingum, gagnrýni og jákvæðum viðbrögðum. Niður með lognmolluna og skeytingarleysið!
Námsstarf krefst mikils tíma og einhverra fjármuna. Margt vinnandi fólk lætur sig hafa það að stunda nám með vinnu og barnauppeldi. Þúsundir manna eru við nám í námsflokkum, öldungadeildum o.fl. skólum fyrir fullorðna. Þetta fólk greiðir talsverð námsgjöld og leggur kvöldstundirnar undir. Ef við sjáum tilgang í því, að tileinka okkur marxíska fræðikenningu og þróa hana um leið, þá gerum við það, jafnvel þótt við verðum spölkorn á eftir jafningjunum í bannsettu lífsgæðakapphlaupinu.

Þ.Ö.Á.

Úr framsögu á ráðstefnu:

„Barátta á samtaka- og flokksgrundvelli er úrelt“

Hallar undan fæti

Áratugur er nú liðinn síðan marx-leninísk hreyfing fór að skjóta rótum hér á landi, hreyfing, sem hafði það að markmiði að mynda kommúnistaflokk (sem hluti hennar gerði reyndar að nafninu til), sem væri fær um að leiða alþýðu manna í átt til sósíalisma hér á landi.
Segja má að hreyfing þessi standi nú á ákveðnum tímamótum. Á allra síðustu árum hefur hreyfing þessi tínt tölunni með þeim afleiðingum, að varla eru fleiri starfandi í henni í dag en fyrir áratug síðan. Hreyfingin lætur lítið að sér kveða út á við og málgagnið kemur sjaldan út. Því hefur sú spurning, hvað beri að gera, orðið brýnni en nokkru sinni áður. Sumir vilja leggja þessa hreyfingu niður, jarðsyngja hana sem allra fyrst, búa henni veglega gröf; enn aðrir þráast við, vilja hjakka í sama gamla farinu. Hinir síðarnefndu segja, að hér sé aðeins um tímabilsbundna erfiðleika að ræða, nú þurfi aðeins að draga saman seglin um stundarsakir, en að því muni koma, að hreyfingin rísi upp ftur, öflugri en fyrr.

Nú munu vera u.þ.b. tvö ár síðan ég yfirgaf þessa hreyfingu og hef því – ef svo má segja- haft tækifæri til að skoða hana utan frá. Ástæða þess var m.a. sú, að mér fór að leiðast óskaplega innanflokksumræður, sem einkenndust æ meir af einhvers konar þrasi og þráhyggju, sömu vandamálin voru á dagskrá aftur og aftur og hvorki gekk né rak. Þetta var reyndar áður en KFÍ og UNÍ lögðust í eina sæng. Nú er mér hins vegar ljóst að hreyfing af þessu tagi, hreyfing er reynir að byggja skipulag sitt samkvæmt flokkskenningum Lenins, á ekki lengur rétt á sér. Formið er vaxið hreyfingunni yfir höfuð.

Eitt helsta baráttumál þeirra hefur verið að fá óháðu verkalýðsfélögin viðurkennd sem sjálfstæðan samningsaðila. Þetta hefur tekist að verulegu leyti. En hvers vegna óháð verkalýðssamtök? Jú, fram til þessa höfðu verkalýðssamtökin formlega tilheyrt flokknum og ríkinu. Pólsk yfirvöld, og reyndar stjórnvöld víðast hvar í Austur-Evrópu, þ.á.m. Sovétríkjunum, hafa bent á það, að það væri í andstöðu við kenningar Lenins, að verkalýðshreyfingin ætti að vera óháð Kommúnistaflokknum. Að þessu leyti hafa viðkomandi stjórnvöld rétt fyrir sér.

Röng leiðsögn

Bæði Lenin og Stalín bentu á það, að kommúnistaflokkurinn ætti að vera æðsta form stéttarsamtaka verkalýðsins, hann ætti að hafa pólitíska leiðsögn á hendi fyrir hvers kyns samtök verkalýðsins, ekki síst verkalýðsfélögin. Lenin sagði, að flokkurinn ætti að teygja pólitíska forystu sína yfir á öll samtök verkalýðsins og Stalín sagði, að öflokksbundin samtök verkalýðsins ættu að hlíta pólitískri leiðsögn flokksins af fúsum vilja, en tekur þó fram, að þau eigi ekki að vera formlega undir stjórn flokksins. En hver er þá munurinn á því, að hlíta pólitískri leiðsögn flokksins af fúsum vilja eða vera formlega undir stjórn hans? Og þegar hagsmunasamtök verkalýðsins eru farin að þiggja pólitískri leiðsögn flokksins, er þá nokkuð annað eftir en staðfesta slíka leiðsögn formlega? Pólskur verkalýður hefur unnið sína sigra þrátt fyrir að hann hafi ekki notið pólitískrar leiðsagnar stjórnmálaflokks – og kannske einmitt þess vegna. Samtakamáttur hans, þrautseigja og baráttumóður hafa fært honum þann árangur, er náðst hefur.

Tvö dæmi

Tvennt er það, sem ég vil leggja til grundvallar því persónulega mati, að samtök eða flokkur, er leitast við að byggja skipulag sitt samkvæmt kenningum leninismans, sé ekki það baráttuform, sem henti við núverandi aðstæður. Annars vegar er um að ræða atburðina í Póllandi að undanförnu, hins vegar hnignun marx-leninískrar hreyfingar víðast hvar í Vestur-Evrópu.
Svo að ég víki fyrst að síðarnefnda atriðinu, þá hefur lýðeyðu ekki aðeins gætt hjá íslenskri marx-leninista hreyfingu, heldur munu hliðstæð samtök og hliðstæðir flokkar víðast hvar í Vestur-Evrópu vera sama marki brenndir. Í Evrópu gætir nú vaxandi atvinnuleysis og auknar verðbólgu, sem afleiðingu stigmagnandi kreppu. Maður skyldi ætla, að við slíkar aðstæður myndi hreyfingu, sem kennir sig við Marx og Lenin, vaxa fiskur um hrygg, En það er nú öðru nær. Slíkrar kreppu er ekki farið að gæta hér á landi, enn sem komið er. Þó eru ýmis skilyrði fyrir hendi, sem ákjósanleg ættu að vera fyrir þróun slíkrar hreyfingar. Með aðild að ríkisstjórn stendur Alþýðubandalagið fyrir hverri kjaraskerðingunni á fætur annarri, jafnframt því sem ljósara mætti vera en nokkru sinni fyrr hvílíkt taumhald hún hefur á verkalýðshreyfingunni. Þar af leiðir, að óánægja verkafólks með forystumenn verkalýðsfélaganna er ekki síðri nú en áður. Þetta ætti að vera ákjósanlegur jarðvegur fyrir útbreiðslu- og áróðursstarfsemi hreyfingar af þessu tagi. Reyndin er hins vegar önnur, eins og allir vita. Baráttusinnar víða um heim hafa fylgst með framgangi pólsks verkalýðs af mikilli aðdáun, sem hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum.

Úrelt baráttuform

Varðandi starf okkar innan verkalýðshreyfingarinnar, eigum við að draga þá lærdóma, að við eigum að berjast fyrir myndun og taka þátt í hreyfingu, er berst fyrir auknu lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar og gegn áhrifum hvaða stjórnmálaflokks sem er. Í slíkri andstöðu, sem við höfum tekið þátt í, höfum við hagað okkur á sama hátt og stóru flokkarnir, nefninlega reynt að troða okkar pólitík inn í slíka samstöðu. Þetta á jafnt við um EIK, KFÍ, sem og Fylkinguna og hefur einungis leitt til sundrungar innan slíkrar andstöðu gegn vinnubrögðum verkalýðsforkólfanna.

Ég held því raunar fram, að baráttа á einhverjum samtaka- eða flokkspólitískum grundvelli sé úrelt baráttuform; þvert á móti beri að leggja sína starfskrafta í þágu öflokksbundinnar, en lýðræðislegrar hreyfingar, sem hafi eitthvert ákveðið málefni að berjast fyrir og nefni hér Samtök herstöðvaandstæðinga sem skýrasta dæmið um það.

Aftur á móti vildi ég ráðleggja þeim, sem hér eru staddir, er hafa einhverja unun af því að standa í pólitískri hugmyndabaráttu og fræðilegu þrasi, að ganga heldur í Alþýðubandalagið, þar sem þeir sjálfsagt myndu vinna vottvang fyrir skoðanir sínar, fremur en að einmana sig í smáhópi, sem engin áhrif hefur út á við. Ég vil þó taka fram, að sjálfur hef ég ekki í hyggju að taka þátt í slíkum umræðum með því að bindast ákveðnum stjórnmálaflokki.

S.J.G.

(Fyrirsögn og millifyrirsagnir eru blaðsins)

Um námsstarf kommúnista

byggt á framsögu á ráðstefnu

Námsstarf í fræðikenningu marxismans var sett á oddinn við undirbúning stofnunar EIK(ml) og KSML og hélst þannig fyrstu 2-3 starfsárin. Síðan var það að mestu lagt til hliðar vegna anna við önnur verkefni.
Á þessum árum voru samtökin skipuð kornungu fólki, sem kunni lítt til verka. Árangurinn varð sundurlaus utanbókarlærdómur í stað skilnings á grundvallaraðferð marxismans til að skoða og skilja veruleikann og breyta honum. Undanfarin 2-3 ár hefur markviss marx-leninisku hreyfingarinnar hér á landi þorrið mjög mikið og margir félagar dregið sig í hlé. Ég er kominn á þá skoðun að meginorsök þessarar hnignunar sé lítið vald flestra félaga á fræðikenningu marxismans.
Hér mun ég leitast við að færa rök fyrir því áliti, að kommúnistasamtökin og marxistar utan þeirra verði að setja nám í grundvallarkenningum marxismans númer eitt í áhersluröð næstu misseri. Það sé raunhæfasta leiðin til að verða hefðbundnum meðal fjöldans.

Krafan um hugmyndafræði

Þróun framleiðsluháttа a sósíalsskipulagsins gerir störf verkafólks stöðugt einhæfari og möguleikar þess til að þekkja allt framleiðsluferlið minnka við það. Raunveruleg stjórnun færist í vaxandi mæli í hendur sérfræðinga á ýmsum sviðum. Heildarsýn þessara menntuðu kapítalista er einnig mjög takmörkuð, enda er hlutverk allflestra þeirra ekki að vinna fyrir og stjórna heildinni, heldur sínu fyrirtæki, sinni stofnun, sínu ríki eða sínum auðhring.
Þess er varla að vænta, að þjóðfélagið verði mikið einfaldara eftir félagshyggjubyltingu (sósíalíska byltingu). Væntanlega mun þó sérhæfing minnka nokkuð og fjölbreytni vinnunnar aukast, einkum hvað varðar samþættingu huglægrar og líkamlegrar vinnu.
Krafan um að framleiðslan taki mið af þörfum fólks í stað gróða hvers framleiðanda og krafan um stóraukið lýðræði á öllum sviðum mun kalla á mun víðari heildarsýn og fullkomnari skipulagningu, en borgaralegir stjórnendur og fræðingar almennt ráða yfir. Þeir leiðast út í að hugsa innan ramma auðhyggjunnar (sérhyggjunnar), sem er að mínu mati mjög þröngur.
Foringjar félagshyggjubyltingar verða að tileinka sér ðurnefnda víðsýni og skipulagsgáfu. Þeir verða að skilja lögmál núverandi kerfis, sjá auma bletti þess og geta bent fólki á í hvaða atriðum hið nýja kerfi þarf að vera frábrugðið. Þar duga engin lodin svör, engin innantóm slagorð.
Ég veit um engan vinnustað og engan skóla eða háskóladeild, þar sem hægt er að afla sér slíkrar þekkingar. Hins vegar hjálpar skólanám og góð tök á einhverri vísindagrein fólki áleiðis. Þeir, sem mest hafa mótað kommúniska fræðikenningu, eru allir menntamenn á mælikvarða síns tíma (sumpart skólagengnir, sumpart sjálfmenntaðir).
Um reynslu eina sér þýðir ekki að tala, því hér er um nýsköpun að ræða, nýtt þjóðfélag. Öll reynsla Sovétríkjanna og Kína hjálpar okkur aðeins spölkorn áleiðis, reynsla íslenskrar alþýðu sömuleiðis. Kenningar Marx og helstu eftirmanna hans skila okkur líklega öllu lengra áleiðis, ef þær eru ekki notaðar sem kökuuppskrift, heldur sem leiðbeining um nám og starf.

Úr öllum þessum þáttum og fleiri til ætla ég að spinna megi rauðan þráð hugmyndafræði félagshyggjubyltingar á Íslandi.
Það liggur í augum uppi, að þetta getur aldrei orðið eins manns verk né heldur fárra, þó svo að komi líklega í hlut fárra að hefja starfið af krafti. Það stoðar lítt að bíða þess að nýr Marx spretti hér upp á meðal vor.
Að mínum dómi þarf hér hóp ólíks fólks með ólíka reynslu og þekkingu, er getur unnið saman og skiptst á skoðunum. Þetta fólk yrði stöðugt að sækja sér efnivið í þjóðfélagslegan raunveruleika og í hugmyndasmiðju annara. Mikið gagn má hafa af ýmsum fræðigreinum, sem kenndar eru og af ýmsum upplýsingum úr skýrslum vísindamanna og úr fjölmiðlum, ef það efni er numið á gagnrýninn hátt og sett í viðtækt samhengi. Hugmyndir eru verk okkar mannanna, afurð efnisins, en hafa jafnframt áhrif á efnið við athafnir manna, sem allar stjórnast af hugmyndum (hugsun). Hugmyndir virðast lúta ákveðnum lögmálum, sumpart tengdum lögmálum efnisins. Margir marxistar virðast hafa ofmetið annað hvort áhrif efnisleges veruleika á hugmyndir (t.d. Stalín og ofuráhersla hans á þróun framleiðsluháttа) eða áhrif hugmynda á efnislegan veruleika (t.d. Mao á sínum efri árum, sbr. menningarbyltinguna). Í íslenskum stjórnmálum virðist þetta vandamál vera lítt til umræðu.

Það skiptir varla meginmáli hvar við berum fyrst niður í þekkingarleitinni. Félagshyggjubylting krefst þekkingar bæði á lögmálum efnis og huga. Það hlýtur því að teljast heppilegt fyrir félagshyggjumenn (sósíalista) að sækja bæði á mið náttúruvísinda (eðlis-, efna,- og líffræði) og hugvísinda (heimspeki, hagfræði félagsfræði, saga).
Hvert um sig verðum við stöðugt að víkka sjóndeildarhring okkar með því að fella alla þá reynslu og þekkingu, sem við smám saman öðlumst í eina samfellda mynd, sem mætti kalla heimsmynd. Jafnframt þurfum við að samræma heimsmyndir okkar, öðlast sameiginlega hugmyndafræði. Þar kemur vel kasta skipulegs náms og umræðu.

Bitur reynsla – og dýrmæt

Að mínum dómi vantar nú mest af öllu hæfilega samstilltan kjarna til að hafa frumkvæði að undirbúningi umbyltingar núverandi þjóðfélagskerfis. Það er tæplega hægt að segja að það starf sé í gangi nú.
Marx-leninísk hreyfingin á Íslandi ætlaði að stytta sér leið og hoppa að miklu leyti yfir það, sem Lenin kallar skeið náms og áróðurs (höfuðáhersla á hugmyndafræði) beint yfir á skeið skipulagningar fjöldabaráttu og byltingar (höfuðáhersla á skipulagningu og framkvæmd). Hreyfingin keyrði allt fast í heldur árangurslítið og fálmkennt púl og einstefnuútkeyrslu hrárra hugmynda. Talsvert ofurróttæk línа var flutt inn í landið, misskilin að hluta og ofin í fljótheitum sanan við yfirborðskennda og einfaldaða þekkingu á íslenskum þjóðfélagsveruleika. Margir félagar lærðu lítið og urðu aldrei nema vinnuýrr og sumir varla einu sinni það. Þegar þráðurinn að ofan (utan) slitnaði (uppgjöriö mikla í Kína o.fl.), þá hrundi vefurinn saman og hefur verið að því alveg fram undir þetta.
Eins og getið var í upphafi greinarinnar settu bæði EIK(ml) og KSML fræðilegt námsstarf á oddinn í byrjun. Allir félagar voru þá ungir og óreyndir á öllum sviðum stéttabaráttunnar: stjórnmálabaráttu, kjarabaráttu, og síðast en ekki síst fræðilegri skólun og baráttu. Námsstarf var talsvert að magni, en gæðin, held ég, að hafi verið fyrir neðan allar hellur.
Allir félagar gengu í gegn um grundvallarlesþring (5-10 kvöld). Eftir það nám átti að halda áfram í sellum, en þar held ég að hafi verið heldur lítið um frjóa umræðu um grundvallaratriði og lítill tími til lestrar og sjálfsnáms, einkum þegar á leið. Hins vegar var mikið fjallað um ýmis framkvæmdaratriði. Hreyfingin hefur nú tekið út æði þunga refsingu fyrir víxlspor sín. Flest fyrirtækin hafa verið lögð niður (Október-forlagið, Rauða stjarnan, fræðilegu tímaritin Rauði fáninn og Rauðsól búnir að gefast upp á gamla, barnalega og kreddubundnа "marxismanum" sínum, en hafi til allrar óhamingju tekið að nýju trú á ríkjandi hugmyndafræði hins rotnandi auðvaldsskipulags og berist nú með straumnum.
Mér finnst ofurskiljanlegt að þeir, sem ekki botna neitt í marxískri fræðikenningu, sjái litla þörf á mótun félagshyggjustefnu og helgi sig heldur hinu nálæga og auðskilda. Ég sé ekkert maðal gegn þess háttar þróun annað en að hefja nám af krafti í fræðikenningunni, í þeirri von að nú takist að sneiða hjá verstu kreddu-pyttunum.
Áherslan í starfi Kommúnistasamtakanna hefur verið að þokast í þessa átt undanfarið. Umfjöllun Verkalýðsblaðsins hefur orðið heldur fræðilegri, einkum með tilkomu lesbókarinnar, sem lofar góðu. Skipulag samtakanna er einfalt og tekur mið af aðstæðum, og þarf tiltölulega lítinn starfskraft til að halda því gangandi (minna skrifræði). Leshringur fyrir félaga í fræðikenningu marxismans er farinn af stað og hefur umræðan þar verið ólíkt skynsamlegri en almennt gerðist fyrir nokkrum árum.
Enginn skyldi þó ætla að nám innan samtakanna nægi eitt sér. Þekking og reynsla sótt í aðra skóla, atvinnulíf og félagslíf þarf að fléttast inn í það. Einnig ættu samtökin að fá ýmsa sérfróða menn (og konur) á ýmsum sviðum til að koma inn í námsstarfið með fyrirlestra og þátttöku í umræðum.

Nýtt höfuðverkefni

Ég tel mikið velta á því, að félagar og stuðningsmenn KS samþykki að nám og umræða með þunga áherslu á grundvallaratriði (heimspeki, hagfræði o.fl.) verði höfuðverkefnið nú um sinn og annað starf taki mið af því. Sjálfur er ég orðinn mjög sannfærður og veit um fleiri sama sinnis.

Nám og stefnumótun má ekki þýða það, að einangraður hópur lesi bækur og ræði saman.
Verkalýðsblaðið hefur mikilvægu hlutverki að gegna og ekki síst lesbók þess. Þar þarf að kynna fólki hugmyndirnar jafnóðum og þær mótast m.a. í formi umfjöllunar um dægurmál. Stefnan felst þá í því hvernig tekið er á málum og einnig hvaða mál við tökum fyrir. Hluti af umræðunni gæti farið fram á síðum þess. Einnig ætti að birta námsefni og námsleiðbeiningar eftir efnum og aðstæðum, ef takast mætti að víkka námsstarfið út fyrir okkar raðir. Með viðtölum við lesendur utan okkar hóps mætti reyna að fylgjast með hvort hugmyndir okkar ættu erindi við alþýðufólk (sem þær vitaskuld þyrftu að eiga).
Með áherslunni á Verkalýðsblaðið er ég ekki að draga kjark úr neinum að koma hugmyndum sínum á framfæri á öðrum vettvangi, síður en svo. Ég held hins vegar að hreyfingin verði að gefa út tímarit, er sýni okkur sjálfum og öðrum áhugasömum, meginstefnu okkar á hverjum tíma, þar sem hún er í megindráttum á einum stað.
Á Frakkastíg 14 þarf að starfrækja áfram félagsmiðstöð með funda- lestar- og vinnuaðstöðu. Með aukinni áherslu á námsstarf eykst þörfin fyrir ýmsar bækur og tímarit, sem torfengið er annars staðar, bæði til útláns og sölu.

Við og gagnrýnin þjóðfélagssýn

Ég nefndi áðan hæfilega samstilltan kjarna manna til að hafa frumkvæði að undirbúningi byltingar. Hann þyrfti að tileinka sér þjóðfélagssýn, sem er víðari og gagnrýnni en nú tíðkast í pólitískum flokkum og háskóladeildum. Hún þarf að vera hvort tveggja í senn, hafleyg og jarðbundin. Hún yrði væntanlega skilgetið afkvæmi marxismans, díalektísku efnishyggjunnar og léti sér ekki nægja að útskýra þjóðfélagið, heldur jafnframt breyta því.
Ef Kommúnistasamtökunum tekst að þjappa sér saman um nám og stefnumótun og forystu þeirra að ýta því starfi farsællega af stað, þá geta þau unnið að myndun kjarna af áðurnefndri gerð. Þau hafa þegar lítinn vísi að honum.
Þó menn séu nú ósammála um margt og stefna samtakanna næsta óljós, þá greini ég þar ýmislegt gott, sem ég held að sé næsta fáséð hjá öðrum stjórnmálasamtökum. Ég nefni stikkorð eins og sjálfsgagnrýni, andstöðu við bæði risaveldin, áherslu á strfðshættu og viðbúnað gegn hugsanlegu strfði o.fl.
Með mikilli áherslu á nám og skoðanaskipti okkar á milli fyrst um sinn tækju línur að skýrast. Vonandi tekst að þjappa nokkrum hópi saman um stefnuskrá, er nær til nokkurra meginatriða stefnu og starfs. Í gegnum Verkalýðsblaðið og önnur skrif félaga og persónuleg skoðanaskipti við fólk utan okkar hóps kæmi smám saman í ljós hverjir ættu samleið við áframhaldandi nám og stefnumörkun, sem líklega þyrfti að vera höfuðverkefni KS í þó nokkur ár, meðan samtökin safna hugmyndafræðilegum kröftum. Meðan samtökin sem slík legðu þyngsta áherslu á fræðilega baráttu yrðu félagar þeirra og stuðningsmenn að taka þátt í öðrum þáttum stéttabaráttunnar utan samtakanna án þess þó að afneita tengslum sínum við þau.

Hvað annað er hægt að gera?

Ég sé ekki aðra leið í átt að mannsæmandi þjóðfélagi. Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn eru flokkar ríkjandi kerfis. Þeir megna reyndar að lengja lífdaga þess nokkuð og milda það um hríð. Flokksfélagar, sem vilja uppskurð á kerfinu, eru kúgaður og sundraður minnihluti innan þessara flokka og námsstarf er þar hverfandi. Fylkingin meðtekur áfram gömlu, frasakenndu línuna frá 4. alþýðusambandi trotskíista og lagar hana að aðstæðum á misjafnlega kreddubundinn hátt, að því er mér hefur sýnst. Gagnrýni þeirra á Sovétríkin ristir grunnt og þeir virðast fagna útþenslu þeirra. Skoðanaskipti við þessa aðila hljóta engu að síður að vera mjög gagnleg, en ekki finnst mér beint fýsilegt að fara að starfa þar.
Því fer fjarri, að ég hafi bent hér á neina patentlausn. Frumskilyrðið er þó, að nú samkomulagi sem flestra um hvað beri að gera á næstunni. Mér þætti það mjög ánægjulegt ef þessi grein vekti einhver andsvör. Ég fagna bæði leiðréttingum, gagnrýni og jákvæðum viðbrögðum. Niður með lognmolluna og skeytingarleysið!
Námsstarf krefst mikils tíma og einhverra fjármuna. Margt vinnandi fólk lætur sig hafa það að stunda nám með vinnu og barnauppeldi. Þúsundir manna eru við nám í námsflokkum, öldungadeildum o.fl. skólum fyrir fullorðna. Þetta fólk greiðir talsverð námsgjöld og leggur kvöldstundirnar undir. Ef við sjáum tilgang í því, að tileinka okkur marxíska fræðikenningu og þróa hana um leið, þá gerum við það, jafnvel þótt við verðum spölkorn á eftir jafningjunum í bannsettu lífsgæðakapphlaupinu.

Þ.Ö.Á.

Úr framsögu á ráðstefnu:

„Barátta á samtaka- og flokksgrundvelli er úrelt“

Hallar undan fæti

Áratugur er nú liðinn síðan marx-leninísk hreyfing fór að skjóta rótum hér á landi, hreyfing, sem hafði það að markmiði að mynda kommúnistaflokk (sem hluti hennar gerði reyndar að nafninu til), sem væri fær um að leiða alþýðu manna í átt til sósíalisma hér á landi.
Segja má að hreyfing þessi standi nú á ákveðnum tímamótum. Á allra síðustu árum hefur hreyfing þessi tínt tölunni með þeim afleiðingum, að varla eru fleiri starfandi í henni í dag en fyrir áratug síðan. Hreyfingin lætur lítið að sér kveða út á við og málgagnið kemur sjaldan út. Því hefur sú spurning, hvað beri að gera, orðið brýnni en nokkru sinni áður. Sumir vilja leggja þessa hreyfingu niður, jarðsyngja hana sem allra fyrst, búa henni veglega gröf; enn aðrir þráast við, vilja hjakka í sama gamla farinu. Hinir síðarnefndu segja, að hér sé aðeins um tímabilsbundna erfiðleika að ræða, nú þurfi aðeins að draga saman seglin um stundarsakir, en að því muni koma, að hreyfingin rísi upp ftur, öflugri en fyrr.

Nú munu vera u.þ.b. tvö ár síðan ég yfirgaf þessa hreyfingu og hef því – ef svo má segja- haft tækifæri til að skoða hana utan frá. Ástæða þess var m.a. sú, að mér fór að leiðast óskaplega innanflokksumræður, sem einkenndust æ meir af einhvers konar þrasi og þráhyggju, sömu vandamálin voru á dagskrá aftur og aftur og hvorki gekk né rak. Þetta var reyndar áður en KFÍ og UNÍ lögðust í eina sæng. Nú er mér hins vegar ljóst að hreyfing af þessu tagi, hreyfing er reynir að byggja skipulag sitt samkvæmt flokkskenningum Lenins, á ekki lengur rétt á sér. Formið er vaxið hreyfingunni yfir höfuð.

Eitt helsta baráttumál þeirra hefur verið að fá óháðu verkalýðsfélögin viðurkennd sem sjálfstæðan samningsaðila. Þetta hefur tekist að verulegu leyti. En hvers vegna óháð verkalýðssamtök? Jú, fram til þessa höfðu verkalýðssamtökin formlega tilheyrt flokknum og ríkinu. Pólsk yfirvöld, og reyndar stjórnvöld víðast hvar í Austur-Evrópu, þ.á.m. Sovétríkjunum, hafa bent á það, að það væri í andstöðu við kenningar Lenins, að verkalýðshreyfingin ætti að vera óháð Kommúnistaflokknum. Að þessu leyti hafa viðkomandi stjórnvöld rétt fyrir sér.

Röng leiðsögn

Bæði Lenin og Stalín bentu á það, að kommúnistaflokkurinn ætti að vera æðsta form stéttarsamtaka verkalýðsins, hann ætti að hafa pólitíska leiðsögn á hendi fyrir hvers kyns samtök verkalýðsins, ekki síst verkalýðsfélögin. Lenin sagði, að flokkurinn ætti að teygja pólitíska forystu sína yfir á öll samtök verkalýðsins og Stalín sagði, að öflokksbundin samtök verkalýðsins ættu að hlíta pólitískri leiðsögn flokksins af fúsum vilja, en tekur þó fram, að þau eigi ekki að vera formlega undir stjórn flokksins. En hver er þá munurinn á því, að hlíta pólitískri leiðsögn flokksins af fúsum vilja eða vera formlega undir stjórn hans? Og þegar hagsmunasamtök verkalýðsins eru farin að þiggja pólitískri leiðsögn flokksins, er þá nokkuð annað eftir en staðfesta slíka leiðsögn formlega? Pólskur verkalýður hefur unnið sína sigra þrátt fyrir að hann hafi ekki notið pólitískrar leiðsagnar stjórnmálaflokks – og kannske einmitt þess vegna. Samtakamáttur hans, þrautseigja og baráttumóður hafa fært honum þann árangur, er náðst hefur.

Tvö dæmi

Tvennt er það, sem ég vil leggja til grundvallar því persónulega mati, að samtök eða flokkur, er leitast við að byggja skipulag sitt samkvæmt kenningum leninismans, sé ekki það baráttuform, sem henti við núverandi aðstæður. Annars vegar er um að ræða atburðina í Póllandi að undanförnu, hins vegar hnignun marx-leninískrar hreyfingar víðast hvar í Vestur-Evrópu.
Svo að ég víki fyrst að síðarnefnda atriðinu, þá hefur lýðeyðu ekki aðeins gætt hjá íslenskri marx-leninista hreyfingu, heldur munu hliðstæð samtök og hliðstæðir flokkar víðast hvar í Vestur-Evrópu vera sama marki brenndir. Í Evrópu gætir nú vaxandi atvinnuleysis og auknar verðbólgu, sem afleiðingu stigmagnandi kreppu. Maður skyldi ætla, að við slíkar aðstæður myndi hreyfingu, sem kennir sig við Marx og Lenin, vaxa fiskur um hrygg, En það er nú öðru nær. Slíkrar kreppu er ekki farið að gæta hér á landi, enn sem komið er. Þó eru ýmis skilyrði fyrir hendi, sem ákjósanleg ættu að vera fyrir þróun slíkrar hreyfingar. Með aðild að ríkisstjórn stendur Alþýðubandalagið fyrir hverri kjaraskerðingunni á fætur annarri, jafnframt því sem ljósara mætti vera en nokkru sinni fyrr hvílíkt taumhald hún hefur á verkalýðshreyfingunni. Þar af leiðir, að óánægja verkafólks með forystumenn verkalýðsfélaganna er ekki síðri nú en áður. Þetta ætti að vera ákjósanlegur jarðvegur fyrir útbreiðslu- og áróðursstarfsemi hreyfingar af þessu tagi. Reyndin er hins vegar önnur, eins og allir vita. Baráttusinnar víða um heim hafa fylgst með framgangi pólsks verkalýðs af mikilli aðdáun, sem hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum.

Úrelt baráttuform

Varðandi starf okkar innan verkalýðshreyfingarinnar, eigum við að draga þá lærdóma, að við eigum að berjast fyrir myndun og taka þátt í hreyfingu, er berst fyrir auknu lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar og gegn áhrifum hvaða stjórnmálaflokks sem er. Í slíkri andstöðu, sem við höfum tekið þátt í, höfum við hagað okkur á sama hátt og stóru flokkarnir, nefninlega reynt að troða okkar pólitík inn í slíka samstöðu. Þetta á jafnt við um EIK, KFÍ, sem og Fylkinguna og hefur einungis leitt til sundrungar innan slíkrar andstöðu gegn vinnubrögðum verkalýðsforkólfanna.

Ég held því raunar fram, að baráttа á einhverjum samtaka- eða flokkspólitískum grundvelli sé úrelt baráttuform; þvert á móti beri að leggja sína starfskrafta í þágu öflokksbundinnar, en lýðræðislegrar hreyfingar, sem hafi eitthvert ákveðið málefni að berjast fyrir og nefni hér Samtök herstöðvaandstæðinga sem skýrasta dæmið um það.

Aftur á móti vildi ég ráðleggja þeim, sem hér eru staddir, er hafa einhverja unun af því að standa í pólitískri hugmyndabaráttu og fræðilegu þrasi, að ganga heldur í Alþýðubandalagið, þar sem þeir sjálfsagt myndu vinna vottvang fyrir skoðanir sínar, fremur en að einmana sig í smáhópi, sem engin áhrif hefur út á við. Ég vil þó taka fram, að sjálfur hef ég ekki í hyggju að taka þátt í slíkum umræðum með því að bindast ákveðnum stjórnmálaflokki.

S.J.G.

(Fyrirsögn og millifyrirsagnir eru blaðsins)

Endurmetum Sovétríkin

hefur afstaða okkar byggst á vanþekkingu?

lesendabréf

Hvaða ríki eru sósíalísk?

Fæstir Íslendingar kæra sig um sósíalisma. Fullyrðingu þessa get ég reyndar engum tölfræðilegum rökum stutt. En vita Íslendingar hvað sósíalismi er? Hvaðan eiga þeir að fá vitneskju um hann? Getum við skoðað hann "í framkvæmd" einhvers staðar?
Ýmis lönd eru kölluð kommúnistaríki eða sósíalísku ríkin. Eru ríki sósíalísk ef þau gera tilkall til þess sjálf? Eru einhver önnur ríki en þau sósíalísk? Getur sósíalismi verið mismunandi?

Ekki svara ég öllum þessum spurningum hér á eftir, en ég skal hins vegar telja upp fjölda landa, sem almennt eru talin sósíalísk; með öðrum orðum að kommúnistar ráði þar ríkjum: Sovétríkin, Pólland, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, A.-Þýskaland, Búlgaría, Rúmenía, Albanía, Júgóslavía, Kúba, Kína, N.-Kórea, Víetnam. (Upptalningunni er ekki ætlað að vera tæmandi.)

Einkenni ríkjanna

Við skulum líta stuttlega á hvað einkenndi þessi lönd þegar sósíalismi komst á. Þau voru öll undir erlendri áþján og/eða harðstjórn þegar kommúnistar komust til valda. Fæst þeirra (líklega eingöngu A.-Þýskaland, Tékkóslóvakía og Pólland) höfðu nokkurn tíma búið við neins konar alvöru kosningar á nútímavísu, þ.e.a.s. með "almennum" kosningarétti eða kosningarétti, sem ekki ræðst af efnahag.
Í draumalandinu Rússlandi gekk allt vel, a.m.k. í fyrstu. Landið komst af miðaldastigi. Kína gerði það líka. Á meðan jukust auðvitað lífsgæðin í kapítalíska heiminum. Lýðréttindi eru þar mismunandi mikil, en alls staðar í svokölluðum lýðræðisríkjum eru þau margfalt meiri en í fyrrnefndum sósíalískum löndum fyrir byltingu. Mest eru þau líklega á Norðurlöndum eftir síðustu heimsstyrjöld.
Af þessu má sjá að hið "sögulega nauðsynlega" alræði öreiganna afnam ekki nein almenn mannréttindi svo sem funda- og ritfrelsi. Það hafði ekkert slíkt til að afnema. Það gat jafnvel fitjað upp á tilraunum, eins og hinu fræga "veggblaðakerfi" í Kína. Enda munu lýðréttindi hafa verið og eru enn af skornum skammti í flestum þessara landa. Almennur kosningaréttur er ekki undanskilinn.
Okkur finnst hins vegar að lítt hafi miðað í rétta átt í Sovétríkjunum undanfarið og kennum þar um vondum mönnum, sem gert hafi gagnbyltingu að Stalín látnum. Okkur hefur hins vegar stundum vafist löng tunga um háls þegar við höfum átt að útskýra að hvaða leyti við erum skárri kommúnistar en eftirkomendur Stalíns og að hvaða leyti markmið okkar eru önnur. Þetta er sérstaklega erfitt m.a. vegna þess að í leiðinni höfum við alltaf verið að verja Stalín, sem fólk veit það helst um að hafi verið sérstaklega vondur maður, enda lítt til þess sparað af auðvaldi Vesturlanda að rægja karlhólkinn. Við höfum talað um öreigabyltingu og alræði öreiganna undir stjórn kommúnistaflokks. Fólk er ekki ýkja hrifið, enda afspurnin ekki góð (þótt hún sé e.t.v. ekki sanngjörn).
Það sem máli skiptir er það, að fólk telur að þetta títtnefnda alræði öreiganna sé örugglega

Frá mótmælafundi við innrásinni Tékkó

verra ástand en það, sem við höfum nú. Það er örugglega rétt miðað við þau lönd, þar sem kommúnistar ráða nú og ég hef áður leitt rök að hvers vegna sé rétt.

Okkar markmið

Hver skyldu markmið okkar vera? Ekki verður hér gerð ítarleg grein fyrir þeim, enda slíkt ekki tilgangurinn með greininni. Og jafnvel þó sum markmiða okkar séu ekki afar ljós, er þó ljóst að eitt aðalmarkmiðið er að afnema arðránið. Við höfum slegið því föstu að breytingar hafi orðið á efnahagskerfinu í Sovétríkjunum í kjölfar fráfalls Stalíns (og þó e.t.v. einkum á Brésneff-tímanum). Arðrán og gróðahugsjón séu nú í hávegum höfð þar eystra, hvað ekki hafi tíðkast undir stjórn Leníns og Stalíns. Margar greinar hafa verið skrifaðar til að útskýra þetta. Við höfum einnig fullyrt að hernaðar- og yfirgangsstefna Sovétríkjanna í 3. heiminum væri heimsvaldastefna af því tagi, sem Lenin hefur skilgreint, þ.e.a.s. efnahagsleg og byggði á útflutningi fjármagns. Um síðasta atriðið höfum við sérstaklega þrætt við Fylkinguna, sem sér ekki efnahagslega heimsvaldastefnu í Sovétríkjunum. Þeir segja útþenslustefnu þeirra vera pólitíska og vilja raunar ekki kalla hana heimsvaldastefnu (enda skiptir slíkur merkimiði auðvitað litlu máli). Fylkingarmenn hafa jafnframt haldið því fram að efnahagskerfið hafi ekki breyst í Sovétríkjunum frá dögum Stalíns (eins og við höfum sagt), heldur hafi "skrifræðisklíka" ráðið þar (líka á meðan Stalín lifði). Mér skilst raunar að skrifræðið ráði líka ríkjum í Kína, hversu gott orð sem þetta er nú. Við höfum kallað ráðamenn í Sovétríkjunum fasista (fyrst í stað oft sósíal fasista) og sagt þá engu minni kapítalista en þá í USA. Raunar höfum við haft það á hreinu að Sovétríkin væru hættulegri heimsfriðnum en USA og víst er að Brésneff er ekki hættulaus. Verði kjarnorkusprengju varpað á Miðnesheiði er t.d. varla öðrum til að dreifa en honum.
En hefur Brésneff gerbylt efnahagskerfinu í Sovétríkjunum: Er efnahagskerfið í Sovétríkjunum og A.-Evrópu annars vegar eins og í V.-Evrópu, Norðurlöndunum og USA hins vegar?

Niðurstaða mín

Eftir að hafa hlustað á 2 erlenda gesti í vor fór ég að hugleiða þessi mál alvarlega að nýju og ræða við ýmsa menn.
Niðurstaða mín er í sem allra stystu máli sú, að efnahagskerfið í Sovétríkjunum sé ekki eins og í kapítalísku löndunum. "Kerfið í A.-Evrópu var byggt upp með sósíalísk markmið í huga og gæti þjónað þeim, ef ekki væru þar hálffasískar stjórnir, með öðrum orðum: Ef kommúnistaflokkarnir hefðu ekki orðið að kúgunartæki lítillar klíku. Reyndar er full ástæða til að spyrja þess hvort það sé eðli leninískra flokka að breytast á þann veg. Ef svo er verðum við að endurskoða flokkshugmyndir okkar.
Fyrri gesturinn var belgíski hagfræðingurinn Ernst Mandel. Hann sagði, að ekki væri hægt að reka verkamenn í Sovétríkjunum fyrir leti (á máli atvinnurekenda: Of lítil afköst). Þetta skiptir augljóslega miklu máli í sambandi við vinnuálag og arðrán. Mandel kvað þetta atriði vera ávinning Októberbyltingarinnar 1917, sem skrifræðinu hefði ekki tekist að ná af verkamönnum.
Seinni gesturinn, sem var samstarfsmaður "Eingar" í Póllandi, Jakub Swiecicki, sagði ekki mikið vitað um hugsanlegt arðrán Sovétríkjannna á Póllandi, en það arðrán (ásamt arðráni á öðrum löndum A.-Evrópu) var lengi eitt af aðaltrompum okkar þegar við vorum að "sanna" að Sovétríkin væru kapítalískt ríki, sem ræki heimsvaldastefnu.

Endurmat á afstöðu okkar

Af þessu má draga þá ályktun að full ástæða sé til þess að endurmeta afstöðuna til Sovétríkjanna eða e.t.v. fremur stóra þætti hennar. Þá á ég einkum við spurninguna um algera eðlisbreytingu efnahagskerfisins: Er verkafólk í Sovétríkjunum, svokölluðum sósíalískum löndum A.-Evrópu, Kína o.fl. löndum arðrænt?
Svo var að skilja á Jakub að pólska breyfingin stefndi ekki að grundvallarskipulagsbreytingum á þjóðfélaginu, heldur að því, að glæða kerfið lýðræði og auka mannréttindi.
Mandel tók í sama streng hvað áhrærði raunverulegan styrkleika Sovétstjórnarinnar. Hún byggði fyrst og fremst á pólitísku alræðisvaldi með hernaðarlegri ógnarstjórn, fremur en efnahagslegu valdi. Þannig skildi ég hann a.m.k.
Einnig verðum við að endurmeta styrk Sovétríkjanna í hernaðarlegu tilliti gagnvart USA og það hvort þau bíða bara hentugs færis á að hefja heimsstyrjöld, eins og Kínverjar mötuðu okkur á - en út í þessa sálma fer ég ekki núna.
Að lokum vil ég undirstrika það, að meðan við höfum litla og lélega stefnu um uppbyggingu lýðræðislegs sósíalisma á Íslandi getum við ekki vænst mikils fylgis. Þangað til hefur fólk fyrirmyndirnar úr Sovétríkjunum og e.t.v. Kína þar sem við vitum ekki hvort ráðamenn eru gengnir skrattanum á hönd. Enda getum við vonandi mótað eigin stefnu og sýnt fram á hvernig eigi að nota hana án þess að vita það. En vandi okkar er meiri en þegar við söttum hikstalaust fyrirmyndir beint til Kína og margir (flestir) burtgengnir félagar okkar hafa "leyst" þennan vanda með þeim hætti að hætta að ræða vandann með skipulegum hætti og vilja jafnvel að við hættum því líka.

11. júlí 1981
Baldur

(Millifyrirsagnir eru ritnefndar)

Pólitíska reisn eða faglega niðurlægingu?

Mér til ánægju ritar Þórarinn nokkur í Vbl. 06.07.81, andmæli við grein, er ég birti í 5. tbl. þess sama blaðs. Með því gefst mér tækifæri til þess að árétta nokkur atriði nánar.
"að mínu áliti er engin uppskrift til um það hvernig 1. maí aðgerðir eigi að vera - og as. er trúlega sammála því," segir Þórarinn. Og mikið rétt-þessu er ég einmitt sammála. Þó finnst mér skína í gegn skilningsleysi á einmitt þessu þegar Þórarinn segir skoðun sína á hvað 1. maí er og hvað ekki ("dagur baráttufúss verkafólks og alþýðu um heim allan" en ekki "einkadagur sósíalista"). En spurningin, sem horfir við okkur kommúnistum, er alls ekki sú hvað dagurinn er, heldur hvað við viljum að hann verði; hvort við berjumst fyrir því, að verkalýðshreyfingin taki sósíalismann upp á arma sína og hvernig við vinnum að því markmiði okkar. Mér þykir sem ákveðin undirgefni við núverandi kjarahyggju í verkalýðshreyfingunni skíni í gegn þegar Þórarinn segir: "Kröfurnar sem settar eru á oddinn eiga að endurspegla baráttumál hinnar daglegu stéttabaráttu og pólitísku baráttu, sem háð er árið um kring." Er það virkilega svo að "okkar kröfur" eigi aðeins að endurspegla hina daglegu stéttabaráttu, og það á því lágkúrulega plani sem hún liggur á í dag. Ef sú er meining Þórarins verður allt, sem hann segir þar á eftir næsta óljóst og óskiljanlegt, ef ekki merkingarlaust. Hvernig eigum við að heyja baráttu fyrir pólitískum stefnumiðum okkar, ef ekki einmitt með því að setja fram eða taka undir kröfur og markmið, sem ekki aðeins endurspegla baráttumál hinnar daglegu stéttabaráttu, heldur ganga skör lengra?

framhald á síðu 7

1. maí fundur EIK og KFÍ 1976

framhald af síðu 6

„Förum að taka þátt í pólitík“

innar. En menntaður maður er engan veginn dæmdur til pólitískrar útlegðar úr verkalýðsstétt. Hann getur, ef hann vill og ef hann leggur sig fram, orðið hluti verkalýðsstéttarinnar og nýtt þekkingu sína og menntun beinlínis í hennar þágu og undir stjórn þess fólks í stéttinni, sem hann starfar með. Og þarna komum við að kjarna málsins. Menntamennirnir í EIK og KFÍ og síðar KS voru og eru áreiðanlega tilbúnir til þess mjög margir, a.m.k. huglægt, að nýta menntun sína í þágu fjöldans margfræga, en þeir hafa ekki kunnað það. Og innan þessara samtaka hafa ekki verið neinir til þess að vísa þeim veginn, enda ekki lagt sig fram um það, ekki séð þörfina á því. Allur kraftur hefur því farið í orðaræður, tilvitnanatog, skriflegar útlistanir og deilur við þá, sem hafa líkasta stefnu, - orð, orð, orð, en engar athafnir, sem neinu skipta fyrir fólk. Enda er það nú svo, að samtökin njóta einskis álits meðal vinnandi fólks. Fólki finnst þau vera eitthvað samansafn gáfaðra sérvitringa, með aðra löppina í útlöndum, en hina uppi í háloftunum, ofan við lofthelgi Íslands. Sértrúarsöfnuður, sem best sé að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá. Við höfum oft sagt að þessi mynd af okkur sé áróðursbragð óvinarins. Mér er nær að halda að þetta sé miklu frekar sú mynd, sem við höfum búið til sjálf, og kannske sumpart af ásettu ráði.

Önnur ástæða hnignunar

Meðan ég starfaði sem virkur þátttakandi í starfi EIKml voru ríkjandi þættir í innra lífi þeirra eitilhörð miðstýring og líftið virkt lýðræði, ofboðslegt starfsálag, kvennafyrirlitning og skoðanaleg sefjun. Lítum nánar á þessi atriði. Öll eru þau þess eðlis, að þau hljóta að hrekja frá t.d. verkafólk með takmarkaða starfsgetu eftir erfiða vinnu, og hljóta því að henta skár fólki með sveigjanlegna vinnutíma, eins og kennurum og nemendum, og fólki, sem ekki vinnur erfiða vinnu. Og þessi atriði eru svo sem ekki bundin innra lífi samtakanna, heldur mótuðu þau einnig starfsstíl félaganna út á við, t.d. í samfylkingunum okkar frægu.
Lýðræðislegt miðstjórnarvald er að mínu viti gott, sé jafnvægi milli hinna tveggja þátta þess, lýðræðisins og miðstýringarinnar. Svo var ekki í EIKml. En síðan urðu KS til. Þá átti nú aldeilis að bæta úr. Og ráðið sem fannst, var ekki fyrst og fremst að auka lýðræðið eða gera tilraunir í þá átt, heldur að leggja niður því nær allt miðstjórnarvald, agann og næstum allt skipulag. Ég hef ekki fregnir af því hvernig þetta hefur reynst. En ekki hefur maður svo sem orðið var við mikla starfsgleði.
Starfsálagið eins og það var í EIKml þarf ekki að útlista neitt fyrir þeim, sem hér eru, og mér skilst að það hafi verið svipað í KFÍml. En þetta starfsálag, sem átti m.a. rætur sínar í ofurröttækni og byltingarðþreyju, gerði það að verkum að hinn sanni kommi hafði engan tíma til að taka þátt í baráttu með fólki úti í þjóðfélaginu.

Karlasamtök

Eitt það versta sem starfsálagið leiddi til á sínum tíma var álagið á heimili kommanna. Sömu kröfur voru gerðar til einstaklinga sem fjölskyldufólks, óháð því hvort makinn var líka kommi eða ekki. Kvennakúgunin á heimili komma var því óbærileg og riðlaði mörgum fjölskyldum um skeið eða að fullu. Og þótt undarlegt megi virðast, var ástandið ekkert skárra þar sem makinn var líka kommi. Það var nefninlega þannig í öllum slíkum tilvikum, sem ég vissi um, að starfsálagið var fyrst og fremst á karlinum, en konan var afsökuð, hún var leyst undan starfsskyldum, ef hún átti barn eða börn. Ég sagði hún, ekki þau.
Kolröng afstaða til kvenna kom ekki aðeins fram í þessu, heldur ýmsu öðru. Konum var yfirleitt ekki treyst, þær taldar of tilfinningasamar, óskólaðar, illa agaðar o.fl. í þeim dúr. Sú krafa var gerð til kvenna, að þær gerðust kvenkyns karlar. Og örfáum konum tókst það reyndarum tíma. Allt kvenlegt var vont og átti að losa sig við, nema kannske móðurhlutverkið. Það hlaut að vera framsækið, því þannig fjölgaði kommum. Þetta fannst Stalín gamla líka. Í svo nefndu kvennastarfi út á við kom þetta fram í því, að stimpla allt sem snerti aðstöðu og kúgun kvenna sem femínisma, nema um væri að ræða kvennakúgun á vinnumarkaðinum eða í 3. heiminum af völdum risaveldanna tveggja. Fjölskyldumál, kúgun kvenna á heimilunum og slíkt var bara kvenremba, enda var þar kraflað í kaun kommanna sjálfra.
EIKml voru því dæmigerð karlasamtök, rétt eins og aðrir pólitískir flokkar og samtök. Þar var ekkert pláss fyrir hlýleika, vináttu og tilfinningar, jafnvel ekki sorg eða gleði, - aðeins hrollkalda, vélræna rökhyggju og svo nefndan "málefnaleika".
Ég hef ekki hugmynd um hvort ástandið sé eins í KS og það var í EIK.

Skoðanaleg sefjun

Ég nefndi skoðanalega sefjun sem einn fjögurra ríkjandi þátta í innra lífi samtakanna. Þetta kom einkum fram í því, að sú krafa var gerð að allir tækju afstöðu til ógrynna af málum, atburðum, fræðikennisetningum, samtökum og mönnum, - á grundvelli mjög svo takmarkaðra upplýsinga. Slíkt var auðvitað bara kák. Enda varð raunin sú, að menn tóku ekki afstöðu nema til mjög fárra mála í rauninni, - heldur tileinkuðu sér, lærðu utan að og trúðu á skoðanir annara, án nokkurrar umhugsunar. Það var búið að búa til átórítet, sem menn skyldu vessgú treysta. Marx & Co., norskir kommar, Kínakommar, Hoxha í Albaníu, FMS, EIKml, formaður EIKml og nokkrir fleiri. Svo kom að því, að orð yfirmannanna stóðust ekki. Allt fór í vitleysu. Leiðréttingarherferð hófst. Menn leituðu með logandi ljósi að nýjum átórítetum. Sumir fundu svo nefndan "óánægðan bjartsýnismann", aðrir einhverja aðra. Kannske eru enn nýir yfirmenn komnir fram, kannske stendur leitin enn.

Út í stéttabaráttuna

Ég sagði líka að við ættum að fara að taka þátt í pólitík. Og hvað á ég við með því? Jú, ég á við að við ættum nú að fara að taka þátt í stéttabaráttunni eins og hún er og með því fólki, sem í henni stendur. Við eigum ekki að gera eins og hingað til - að búa okkur til einhverja mjög einfalda, hreina mynd af því, sem við teljum stéttabaráttu, og hjakka þar við að búa til samfylkingar, baráttumál og afstöðu fyrir fólk. Þetta síðasta erum við alls ekki fær um að svo stöddu.
En við getum ekki verið alls staðar, þar sem einhver stéttabarátta fer fram. Og við skulum heldur ekkert vera að reyna það. Ég álít að við hljótum að taka fyrst og fremst þátt í þeirri stéttabaráttu, sem fólkinu í verkalýðsstéttinni kemur best að gagni - bæði í bráð og lengd. Og ég spyr: Náum við yfirleitt nokkrum tengslum eða trausti fólks, nema við tökum fyrst og fremst þátt í þeirri baráttu, sem mestu skiptir fyrir fólk á hverjum tíma, sem fólk er mest upptekið af?
Við þurfum að auka námið, ná betri tökum á fræðikenningunni, segja sumir. En hvaða nám? Og hvaða fræðikenningu? Gömlu ritin? Nei.
Þau kann ég ekki að skilja né nota, vegna þess að ég þekki ekki nógu vel mitt eigið þjóðfélag og mína eigin verkalýðsstétt. Fræðimönnum vil ég því svara svona: Við skulum hvorki fleygja bókunum né skemma þær. Við skulum líta í þær þegar við höfum tíma og áhuga. En eigum við ekki að leyfa þeim að liggja í hillunum svona fyrsta kastið að mestu, á meðan við förum í læri hjá verkalýðsstéttinni, meðan við öflum okkur reynslu, á meðan við kynnum okkur íslensk þjóðfélagsmál, efnahagsmálin, atvinnumálin, verkalýðsmálin, jafnréttismálin og öll þessi mál, sem fólk er svo upptekið af?

(Fyrirsögn og millifyrirsagnir eru blaðsins)

G.S.

framhald af síðu 3

Pólitíska reisn eða faglega niðurlægingu?

Má vera að hér sé að einhverju leyti um að kenna óskýrri framsetningu, eða ég hafi einfaldlega misskilið Þórarinn, því kröfur þær, sem Þórarinn nefnir og segir samstöðu um endurspegla ekki allar beinlínis "baráttumál hinnar daglegu stéttabaráttu", a.m.k. ekki krafan, sem beinist gegn stéttasamvinnu, enda er það allt að því pólitísk krafa sem felur í sér ákveðinn skilning á ríkisvaldinu og stéttaandstæðum í auðvaldsskipulaginu. Eftir mínu viti getur enginn fallist heilshugar á slíkar kröfur nema hann sé sósíalisti.
Þórarinn lítur svo á, að um sé að ræða allvíðtæka faglega samstöðu, en mikla pólitíska sundrung. Af því dregur hann þá ályktun, að einbeita skuli sér að hinum faglegu baráttumálum, en víkja pólitískum kröfum til hliðar a.m.k. um sinn. Hér virðist Þórarinn ganga út frá því, að pólitískar málamiðlanir séu óleyfilegar eða óhugsandi. Því er ég ósammála, en látum það bíða. Auk þess hlýt ég að benda á að kröfugerð s.s. um herinn og NATO er alls ekkert ágreiningsatriði meðal alls þorra þeirra sem á annað borð fást til að taka þátt í slíkum aðgerðum, (þ.e. aðgerðum gegn stéttasamvinnu.)

Þórarinn fjallar um kröfur um sósíalískt Ísland og finnst eðlilegt að spyrja hvort sá baráttufúsi hluti verkalýðsins sé fylgjandi því eður ei. Það finnst mér reyndar alls ekki sjálfsagt. Við getum ekki látið skoðanakönnun alfarið um það hvaða kröfur við setjum fram. Hitt get ég fullvissað Þórarin um að vart mun hlaupa hland fyrir hjartað á þeim hinum sama og heilshugar hefur tekið undir kröfur gegn stéttasamvinnu þegar minnst er á sósíalisma. Og sú staðreynd að í hugskoti margra alþýðumanna tengist hugtakið sósíalismi helst A.Evrópu ætti, gagnstætt því sem Þórarinn telur, að hvetja til þess að halda þeirri kröfu hátt á loft, í andstöðu við þá yfirstétt, sem hefur saurgað nafn sósíalismans.
Þveröfugt við það, sem Þórarinn álítur, sýnist mér mergurinn málsins vera sá að blása til atlögu gegn niðurlægingu kjarahyggju í verkalýðshreyfingunni og endurreisa hana í nafni stéttabaráttu og sósíalisma.

Arnór.

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala:	kr.	4,00
Árskrift:	kr.	60,00
Ársstuðningsáskr.:	kr.	120,00
Árskr. til útl.:	kr.	120,00

Verkalýðsblaðið

7.-8.tbl. 10.árg. 10.8.1981

Maó undir smásjá



Dengismi

Allmikið hefur verið rætt og ritað að undanförnu um gagnrýni Kínverja á Mao Zedong. Hefur jafnvel heyrst að nú séu Kínverjar búnir að varpa kenningum Maos fyrir borð, en búnir að taka upp borgaralega stefnu í flestum málum, sem stundum hefur verið kölluð dengismi eftir einum helsta áhrifamanni í Kína núna, Deng Xiaoping.
Þeim, sem tala um dengisma, gleymist hins vegar að Deng er sjálfur gamall maoisti og það er ekki fyrr en Mao fór að bregða út af sínum fyrri kenningum, sem Deng komst í andstöðu við hann.
Að mörgu leyti má því lýsa stefnubreytingu Kommúnistaflokks Kína og gagnrýni hans á stefnu og athafnir Maos síðustu ár hans sem afturhvarf til fyrri kennisetninga hans, stefnu og starfsaðferða. Kínverskir kommúnistar halda því fram að á þennan hátt séu þeir að hverfa aftur til hinnar réttu byltingarsinnuðu fræðikenningar, sem marx-leninismin - kenningar Mao Zedongs sé. Þeir leggja áherslu á að gera verði greinarmun á þeirri kennisetningu, sem kölluð hefur verið hugsun eða kenning Mao Zedongs, og svo einstökum hugmyndum, kenningum eða athöfnum Maos.

Maður en ekki guð

Sumum kann að finnast skopleg sú áhersla, sem Kínverjar hafa lagt á mannlegt eðli Maos, hann hafi verið maður en ekki guð. Í raun og veru er það þó síður en svo skopleg umræða, því að á tíma menningarbyltingarinnar varð það almennt umræðuform að vitna stöðugt í orð Maos sem eilífan óbreytilegan sannleika. Þetta gekk svo langt, að þegar kennari nokkur við Pekinghá-skóla hélt fyrirlestur fyrir nýstúdenta þar í lok menningarbyltingarinnar um að allt hefði tvær hliðar ("allt skiptist í tvennt"), sem er ein af grundvallarkennisetningum díalektíkur, kenning sem Mao sjálfur lagði mikla áherslu á, þá var hann spurður hvort þetta gilti líka fyrir hugsun Mao Zedongs, hvort hún hefði líka tvær hliðar. Kennarinn svaraði að svo væri. Skipti það engum togum að kennslustundinni var slegið upp í stórfund, þar sem kennarinn var gagnrýndur fyrir "gagnbyltingarsinnaðar skoðanir", hugsun Maos væri jú algildur sannleikur.

Mælikvarði sannleika

Til þess að hrekja þessa röngu afstöðu til kenninga Maos og fræðkenningar marx-leninismans almennt, fóru fram miklar umræður í Kína um hvað væri mælikvarði á sannleika. Við marxistar höldum því fram að allar hugmyndir okkar eigi uppruna sinn í tengslum okkar við umheiminn, þ.e. í athöfnum okkar og reynslu. Þetta hefur verið kallað að hugmyndir okkar spretti úr starfinu. Allar kenningar og kennisetningar eru því sömuleiðis sprottnar úr starfinu. Samt eru þessar kenningar alls ekki alltaf réttar, heldur verður að sannprófa þær aftur í starfinu og leiðrétta þær í samræmi við árangur þess. Við sönnum eða afsönnum því réttmæti kenninga okkar aðeins í starfi okkar, en ekki á neinn annan hátt. Um þetta fjallar m.a. Mao Zedong í ritgerðum sínum "Um starfið" og "Hvaðan koma réttar hugmyndir". Að líta á hverja hugsun Maos sem algildan sannleika er því greinilega í algjörri andstöðu við þá fræðikenningu, sem hann boðaði.
Eins og bent er á í ályktun miðstjórnar KFK á nýafstöðnum fundi hennar er sú aðferð, að leita sannleikans í staðreyndum eitt af þeim þremur grundvallarsérkennum, sem óaðskiljanleg eru frá kenningum Maos. Hin tvö sérkennin kom fram í fjöldastefnu flokksins og sjálfstæði.

Frá fjöldanum til fjöldans

Aðeins með því að treysta á alþýðuna og styrkja bönd sín við fjöldann getur flokkurinn verið raunverulegur flokkur öreiganna. Með kenningu sinni um tengsl leiðtoga og fjölda, dregið saman með orðunum "frá fjöldanum til fjöldans", þróaði Mao áfram kenningu marxismans um þekkingarferlið. Sigur kínversku byltingarinnar var mögulegur vegna þess að KFK fylgdi þessari fjöldalínu og sigur í sósíalískri uppbyggingu verður því aðeins mögulegur að flokkurinn haldi sér við þetta grundvallaratriði.

Sjálfstæði

Maó Zedong lagði alltaf mikla áherslu á að byltingar hverju landi yrði fyrst og fremst að treysta á sína eigin krafta. Þó svo að aðstoð frá öðrum löndum geti verið mikilvæg þá sé ekki hægt að byggja upp sósíalisma nema í fullvalda ríki, þar sem völdin eru örugglega í höndum innlendra öreiga og flokks þeirra.

Maó þróaði marx-lenínísmann

Maó Zedong beitti ekki aðeins marx-lenínísmanum skapandi í byltingarbaráttunni í Kína, heldur þróaði Mao hann á grundvelli byltingarreynslunnar og í samvinnu við aðra kínverska marxista. Það er þetta, sem átt er við þegar talað er um hugsun Mao Zedongs. Hún er því engin einkaeign Maos, heldur byggir hún á samandreginni reynslu kínverksrar alþýðu úr byltingarbaráttunni, á alþjóðlegri baráttu nýlendnanna fyrir frelsi sínu og á baráttu byltingarsinna gegn nútíma endurskoðunarstefnu.
Villur þær, sem Mao gerði, eða gerðar voru í nafni hans í menningarbyltingunni og jafnvel fyrir hana, breyta engu um þýðingu byltingarsinnaðra kenninga Maos fyrir baráttu öreiga heimsins.

Nemum kenningar Maós

Nám í marx-leninismanum - kenningum Mao Zedongs og byltingarsinnað starf byggt á námi og tengt því er jafnvel mikilvægara nú en áður, því ýmsir hafa gert gagnrýnina á villum félaga Maos að átyllu til að hafna byltingarsinnuðum kenningum hans og starfsaðferðum algerlega. Að þessu leyti, en einungis að þessu leyti, minnir ástandið núna á ástand kommúnisku hreyfingarinnar eftir lát Stalins. Gagnrýnin á villum Stalins, sem vissulega voru margar og sumar alvarlegar, var notuð til að breiða yfir endurskoðunarstefnu og svik við byltinguna, sem voru margfalt alvarlegri en margumtalaðar villur Stalins.
Þess vega leggur KFK mikla áherslu á áframhaldandi nám í hugsun Mao Zedongs. Þess vegna verðum við íslenskir kommúnistar að vera sérstaklega vel á verði gegn alls kyns hentistefnu og liðhlaupi.

K.K.

Mikilvægur fundur

Hvert verður hlutverk Kommúnistasamtakanna næstu misseri? Hvað á að gera við Verkalýðsblaðið? Hver verður starfsáætlun samtakanna næstu mánuði? Þessum og fleiri spurningum verður að svara á félagsfundi KS 3. september n.k. Félagar og stuðningsmenn verða boðaðir skriflega á fundinn og fá um leið sendar ýmsar tillögur, sem stjórn KS mun búa út og byggðar verða á umræðum og samstarfi sumarsins.
Það er afar brýnt að félagar mæti á fundinn og hafi samband við einhvern forystumanna KS þegar dregur að mánaðamótunum ágúst-sept.

Stjórn KS

Slæmar villur

Í síðasta tbl. voru þrjár greinar allt að því ónýtar eftir umbrot blaðsins. Dálkar voru skeyttir saman þannig, að línur áttu ekki saman og allt samhengi brenglaðist. Um er að ræða greinar um vísitöluna, læknalaun og 1. maí. Of langt mál yrði að birta stóran hluta greinanna upp á nýtt, en lesendur ættu þó að geta tengt saman rétta dálkabúta með fyrirhöfn.
Ritnefnd þykir mjög fyrir þessu og mun gera sitt til þess, að ekkert þessu líkt komi aftur fyrir.

-ritnefnd